



# VELFERÐAR- VAKTIN



## Stöðuskýrsla 2019-2020

Velferðarvaktin – Stöðuskýrsla 2019-2020

Janúar 2021

Útgefandi:

Velferðarvaktin

Skógarhlíð 6

105 Reykjavík

Umbrot og textavinnsla: Velferðarvaktin

©2021 Velferðarvaktin

ISBN 978-9935-513-07-6

# Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	5
1.1 Almennt um Velferðarvaktina .....	5
1.2 Skipunarbréf Velferðarvaktar .....	5
2. Störf Velferðarvaktarinnar 2019-2020 .....	7
2.1 Lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016.....	7
2.2 Tillögur Velferðarvaktar um bættu stöðu barna.....	8
2.3 Skólasókn og skólaforðun í grunnskólum.....	9
2.3.1 Könnun á skólasókn og skólaforðun í grunnskólum.....	9
2.3.2 Tillögur Velferðarvaktar.....	10
2.3.3 Málþing um skólasókn og skólaforðun.....	13
2.4 Námsgagnakostnaður og fleira á framhaldsskólastigi.....	14
2.4.1 Kannanir vegna námsgagnakostnaðar á framhaldsskólastigi og fleira.....	14
2.4.2 Tillögur Velferðarvaktar.....	15
2.4.3 Rannsókn á brotthvarfi og námstöfum á framhaldsskólastigi.....	18
2.5 Félagsvísar.....	18
2.5.1 Endurbætt útgáfa félagsvísa .....	18
2.5.2 Félagsleg velferð innflytjenda á Íslandi .....	19
2.5.3 Félagsvísar sýna þróun efnahagslegrar stöðu.....	20
2.6 Málefni heimilislausra með fjölþættan vanda.....	20
2.6.1 Málþing um heimilisleysi .....	21
2.7 Könnun á fyrirkomulagi matarúthlutana og ráðgjafar hjálparsamtaka.....	22
2.8 Covid-19.....	22
2.8.1 Viðbragðsteymi um þjónustu við viðkvæma hópa .....	22
2.8.2 Uppbyggingarteymi félags- og atvinnumála í kjölfar Covid-19.....	23

2.8.3	Tillögur Velferðarvaktar til stjórnvalda, bæði ríkis og sveitarfélaga, um leiðarljós á tímum Covid-19.....	23
3.	Fundir Velferðarvaktarinnar 2019-2020.....	26
4.	Fulltrúar í Velferðarvaktinni.....	49
5.	Lokaorð.....	50

# 1. Inngangur

## 1.1 Almennt um Velferðarvaktina

Velferðarvaktin var sett á laggirnar í febrúar 2009 af Ástu R. Jóhannesdóttur, þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra. Tilefnið var efnahagshrunið haustið 2008. Velferðarvaktinni var ætlað að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum efnahagshrunsins á fjölskyldur og heimili í landinu, meta aðgerðir sem gripið hafði verið til og leggja fram tillögur til úrbóta. Velferðarvaktin hefur nú starfað í tíð 6 ráðherra, þeirra Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, félags- og tryggingamálaráðherra 2009; Árna Páls Árnasonar, félags- og tryggingamálaráðherra 2009-2010; Guðbjarts Hannessonar, félags- og tryggingamálaráðherra, heilbrigðisráðherra 2010 og velferðarráðherra 2011-2013; Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra 2013-2017; Þorsteins Víglundssonar, félags- og jafnréttismálaráðherra 2017 og nú Ásmundar Einarssonar, félags- og jafnréttismálaráðherra 2017-2018 og félags- og barnamálaráðherra frá 2019.

Frá 2014 hafa tveir undirhópar starfað innan vaktarinnar sem fjalla annars vegar um sárafátækt og hins vegar um efnalitlar barnafjölskyldur. Er fyrri hópurinn leiddur af Vilborgu Oddsdóttur, fulltrúa Hjálparstarfs kirkjunnar en sá seinni af Salbjörgu Bjarnadóttur, fulltrúa Embættis landlæknis.

Sumarið 2020 voru gerðar breytingar á skipunarbréfi Velferðarvaktarinnar sem fólust einkum í því að ekki er lengur vísað til efnahagshrunsins sem átti sér stað fyrir meira en áratug. Þá er sveigjanleiki varðandi viðfangsefni vaktarinnar aukinn og dregið fram að hún er óháður ráðgefandi aðili. Velferðarvaktin hefur tekið mið af skipunarbréfinu í störfum sínum sem og haft viðeigandi heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun um enga fátækt, ekkert hungur, heilsu og vellíðan, menntun fyrir alla og aukinn jöfnuð að leiðarljósi.

Á þeim árum sem Velferðarvaktin hefur starfað hefur fulltrúum innan hennar fjölgað. Á árunum 2019-2020 hafa fulltrúar í Velferðarvaktinni verið um 40 talsins og í desember 2020 alls 43. Á tímabilinu hefur Velferðarvaktin fundað 17 sinnum en auk þess hafa undirhóparnir haldið sína fundi.

Velferðarvaktin á [vefsvæði](#) á vef ráðuneytisins og eru fundargerðir hennar birtar þar ásamt öðru efni sem tengist starfi hennar. Skipunarbréf Velferðarvaktarinnar gerir ráð fyrir að hún afhendi ráðherra stöðuskýrslur með reglubundnum hætti og miðli stjórnvöldum jafnt sem almenningi upplýsingum um störf sín. Er stöðuskýrslu þessari ætlað að uppfylla það ákvæði en hún nær til árunna 2019-2020.

## 1.2 Skipunarbréf Velferðarvaktarinnar

Velferðarvaktin var fyrst skipuð 17. febrúar 2009 en gefið var út nýtt skipunarbréf fyrir vaktina 8. október 2010 og svo aftur 18. júní 2014. Þann 1. september 2020 var skipunarbréf uppfært að nýju og fulltrúar endurskipaðir. Breytingarnar felast einkum í því að ekki er lengur vísað til efnahagshrunsins, sem átti sér stað fyrir meira en áratug. Þá felur nýtt skipunarbréf í sér aukinn sveigjanleika varðandi viðfangsefni vaktarinnar og dregið fram að hún sé óháð stjórnvöldum. Að öðru leyti verða meginhlutverk og störf vaktarinnar með sama hætti og áður. Uppfært skipunarbréfið er svohljóðandi:

Félags- og barnamálaráðherra skipar þig hér með í velferðarvakt sem ætlað er að fylgjast með félagslegri- og fjárhagslegri stöðu einstaklinga og fjölskyldna í landinu með áherslu á velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, einkum einstæðra foreldra og barna þeirra. Velferðarvaktin afli upplýsinga um aðstæður þeirra sem búa við sárafátækt og skoði með hvaða hætti draga megi úr henni. Velferðarvaktin taki auk þess til skoðunar önnur mál eftir atvikum sem talið er að þarfnist frekari umfjöllunar og mögulega tillögur þar um. Velferðarvaktin er óháður ráðgefandi aðili fyrir félags- og barnamálaráðherra, sem og stjórnvöld og skal leggja eftir atvikum fram tillögur til úrbóta sem stjórnvöld taki afstöðu til hverju sinni. Velferðarvaktin skal fylgjast með framvindu tillagnanna. Velferðarvaktin hefur upplýsingarskyldu gagnvart stjórnvöldum jafnt sem almenningi og skal miðla upplýsingum til þeirra með markvissum hætti. Gert er ráð fyrir að vaktin afhendi ráðherra reglulegar stöðuskýrslur sem fjalli um helstu störf og viðfangsefni hennar á því tímabili sem hún nær til.

## 2. Störf Velferðarvaktarinnar 2019-2020

### 2.1 Lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016

Velferðarvaktin ákvað síðla árs 2017 að fela EDDU öndvegissetri að gera rannsókn á lífskjörum og fátækt barna á Íslandi. Niðurstöðurnar skyldu verða sambærilegar niðurstöðum lífskjararannsóknna Evrópusambandsins (EU Survey of Income and Living Conditions - EU-SILC).<sup>1</sup>

Skýrslan var unnin af Kolbeini Stefánssyni, félagsfræðingi hjá EDDU öndvegissetri, og var gerð opinber 28. febrúar 2019 undir heitinu *Lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016*. Í rannsókninni er þróun lífskjara og lífsgæða barna rakin yfir tímabilið 2004-2016 með megináherslu á þrjú tímabil, þ.e. uppgangstímabilið frá 2005-2007, árin um og eftir hrun, frá 2008 til 2011 og endurreisnartímenn frá 2012-2016.

Helstu niðurstöður skýrslunnar *Lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016*

- Á heildina litið eru lífskjör barna á Íslandi góð í samanburði við flest önnur Evrópulönd. Árið 2016 voru lífskjör barna mæld í jafngildum ráðstöfunartekjum þau sjöundu bestu í Evrópu, lágtekjuhluftallið það þriðja lægsta og hlutfall barna sem bjuggu á heimilum í fjárhagsþrengingum var það sjöunda lægsta. Þá voru börn undir lágtekjumörkum á Íslandi ekki mjög langt undir mörkunum samanborið við flest önnur Evrópulönd. Það bendir til þess að vandinn sé ekki óyfirtíganlegur ef grípa á til aðgerða til að draga úr fátækt á meðal barna.
- Þó að heildarmyndin sé ágæt eru engu að síður óleyst vandamál. Það brýnasta er að bæta lífskjör einstæðra foreldra og barna þeirra, en nærri fjögur af hverjum tíu börnum undir lágtekjumörkum eru börn einstæðra foreldra. Einnig þarf að huga að börnum öryrkja.
- Staðan á húsnæðismarkaði hefur veruleg áhrif á lífskjör barna, sérstaklega barna einstæðra foreldra og öryrkja.
- Lífskjör barna versnuðu hlutfallslega meira en lífskjör eftirlaunaþega og öryrkja í kjölfar hrunsins og þrátt fyrir að lífskjör barna hafi batnað mikið eftir 2011, áttu börn lengra í land árið 2016 með að ná aftur lífskjörum ársins 2008 en aðrir hópar.
- Versnandi lífskjör barna á Íslandi í kreppunni skýrast að mestu af því að atvinnutekjur heimila þeirra lækkuðu. Félagslegar greiðslur á borð við barnabætur, fæðingarorlofsgreiðslur og húsaleigubætur gerðu lítið til að draga úr áfallinu og raunar jók þróun barnabóta á vandann, ef eitthvað er.
- Batnandi lífskjör barna eftir að kreppunni lauk skýrast einnig að stærstu leyti af vaxandi atvinnutekjum heimila þeirra eftir að uppsveiflan hófst á ný. Aftur á móti vann þróun félagslegra greiðslna á borð við barnabætur, fæðingarorlofsgreiðslur og húsaleigubætur á móti batanum.
- Það að þróun hverskyns fjölskyldubóta skyldi hafa þessi áhrif er í samræmi við það sem kemur fram í 2. kafla skýrslunnar, að það var dregið umtalsvert úr útgjöldum í tilfærslur til fjölskyldumála og dregið verulega úr stuðningi við barnafjölskyldur með breytingum á upphæðum fæðingarorlofsins og aukinni

<sup>1</sup> Stöðuskýrsla Velferðarvaktarinnar 2017-2018, bls. 13.

lágtekjumiðun og minna örlæti barnabóta. Áhrifin voru þó ekki sérlega mikil sem skýrist af því að barnabótakerfið var fremur lágtekjumiðað, jafnvel fyrir hrun. Ekkert af framangreindu bendir til þess að það hafi verið sérstök áhersla á að vernda börn á Íslandi fyrir áhrifum kreppunnar né heldur að reynt hafi verið að bæta lífskjör barna í gegnum tæki fjölskyldustefnunnar þegar hagur þjóðarbúsins fór að vænkast.

- Árið 2016 stóð Ísland hinum Norðurlöndunum að baki hvað varðar útgjöld til barnabóta, fæðingar- og foreldraorlofs og til daggæslu og raunar var Ísland ekki í fremstu röð hvað varðar útgjöld til barnabóta og fæðingar- og foreldraorlofs í víðara samhengi Evrópulanda og réttindi til fæðingar- og foreldraorlofs allnokkuð frá því sem best gerist.
- Börn sem búa á heimilum sem eru í viðkvæmri stöðu, svo sem börn einstæðra foreldra, öryrkja og atvinnulausra, voru mun líklegri til að búa við fjárhagsþrengingar en börn á heimilum sem ekkert ofangreint á við um. Hlutfall barna sem bjuggu við fjárhagsþrengingar jókst líka mun meira hjá börnum sem bjuggu á heimilum í viðkvæmri stöðu en þeim sem gerðu það ekki. Þar stóðu börn á heimilum sem urðu fyrir atvinnuleysi út úr, sem bendir til þess að viðbrögð stjórnvalda við kreppunni hafi ekki náð að hlífa börnum við afleiðingum kreppunnar sem skyldi. Börn komu verr út en almenningur, börn í viðkvæmri stöðu verr en þau sem voru það ekki.
- Til að fá skýrari mynd af lífskjörum og fátækt barna í framtíðinni er brýnast að nýta betur fyrirbyggjandi gögn til að varpa ljósi á viðfangsefnið, fá upplýsingar um mat barna á ýmsum lífsgæðum, afla upplýsinga um fatlað fólk og langveika og fjölskyldur þeirra sem og um innflytjendur og fjölskyldur þeirra, og að lokum um hvernig gæðum er skipt innan heimila.

## 2.2 Tillögur Velferðarvaktarinnar um bættu stöðu barna

Velferðarvaktin lauk yfirferð sinni á skýrslunni *Lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016* þann 3. september 2019. Yfirferðin fólst meðal annars í sameiginlegri umfjöllun í báðum undirhópum vaktarinnar, en hóparnir fjalla annars vegar um málefni efnalítilla barnafjölskyldna, sérlega einstæðra foreldra og barna þeirra og hins vegar þeirra sem búa við sárafatækt. Velferðarvaktin tók undir meginefni tillagnanna sem fram komu í skýrslunni og gerði þær að sínum.

Þær eru að:

- Brúa umönnunarbilið frá því að fæðingarorlofi lýkur þar til að börn fá leikskólaláss.
- Auka tilfærslur til einstæðra foreldra.
- Tryggja að börn sem búa við fjárhagsþrengingar geti fengið ókeypis skólamáltíðir.
- Auka niðurgreiðslur vegna tólmstundastarfs barna sem búa við fjárhagsþrengingar.
- Bæta hag öryrkja og barna þeirra.

Velferðarvaktin beindi því til stjórnvalda, bæði ríkis og sveitarfélaga, að vinna að framgangi tillagnanna sem fram komu í skýrslunni. Lagði Velferðarvaktin til að félags- og barnamálaráðherra fæli stýrihópi stjórnarráðsins í málefnum barna að fjalla um tillögurnar. Velferðarvaktin óskaði einnig eftir því að tillögurnar yrðu skoðaðar hjá öllum



sveitarfélögum og sendi Sambandi Íslenskra sveitarfélaga erindi þess efnis. Þá lagði Velferðarvaktin til að tillögurnar yrðu skoðaðar í þeirri vinnu sem stóð yfir í stýrihópi um aðgerðir gegn sárafátækt barna og fjölskyldna þeirra á vegum velferðarráðs Reykjavíkurborgar og kom því á framfæri við formann ráðsins.

## 2.3 Skólasókn og skólaforðun í grunnskólum

### 2.3.1 Könnun á skólasókn og skólaforðun í grunnskólum

Velferðarvaktin lagði fram tillögur gegn brotthvarfi nemenda úr framhaldsskólum síðla árs 2017. Einnig var áhugi á að skoða skólasókn í grunnskóla. Barnahópur Velferðarvaktarinnar tók skólasókn grunnskólanema til umræðu árið 2018 þar sem fram kom að þrátt fyrir skólaskyldu væru ekki öll börn að skila sér í skólann. Ekki væri vitað um hve mörg börn væri að ræða. Í kjölfar umræðunnar ákvað Velferðarvaktin að standa fyrir könnun til að varpa ljósi á stöðuna. Könnunin var undirbúin í lok árs 2018 og stóð yfir í janúar og febrúar 2019, en hún sneri að skólasókn og skólaforðun í grunnskólum landsins. Tilgangur hennar var að afla upplýsinga frá skólastjórnendum sem gætu nýst við stefnumótun í málefnum barna, með það að markmiði að tryggja sem flestum börnum farsæla skólagöngu og sporna gegn brotthvarfi úr skóla.

Rannsóknafyrirtækið Maskína sá um framkvæmd könnunarinnar. Haft var samband við skólastjóra í öllum 172 grunnskólum landsins frá 18. janúar til 11. febrúar 2019. Af þeim svöruðu 135 sem er 78,5% svarhlutfall.

#### Tvíþætt könnun

Könnunin var tvíþætt og sneri annars vegar að skólasókn tengda fríum innanlands og erlendis og hins vegar að skólasókn tengda skólaforðun, sem er þegar barn forðast að sækja skóla vegna tilfinningalegra erfiðleika, til að forðast aðstæður, til að fá athygli frá fjölskyldu eða öðrum í umhverfi sínu eða vegna þess að aðrir staðir eru áhugaverðari. Niðurstöður voru ekki greinanlegar niður á einstaka skóla, en staðsetning skóla var greind ef svarendur voru 4 eða fleiri.

#### Niðurstöður

Á meðal helstu niðurstaðna er að leyfisóskir vegna grunnskólanema hafa aukist mikið og telur stór hluti skólastjórnenda að foreldrar/forsjáraðilar hafi of rúmar heimildir til að fá leyfi frá skólasókn fyrir börnin sín. Um helmingur skólastjórnenda telur að fjarvera þessara nemenda komi mjög mikið eða fremur mikið niður á námi þeirra.

Könnunin sýnir einnig að um 1.000 eða 2,2% grunnskólabarna glíma við skólaforðun. Helsta ástæðan er andleg vanlíðan eins og kvíði og þunglyndi, sem er nefnd hjá um 76% skólastjórnenda og erfiðar aðstæður á heimili sem eru nefndar hjá um 29%.

Hjá rúmum 83% skólanna eru til viðmið eða verklag sem gripið er til að hálfu skólans þegar upp koma tilvik um skólaforðun. Tæp 70% skólastjórnenda telja það mjög eða fremur mikilvægt að samræma fjarvistaskráningu um allt land svo mögulegt verði að meta umfang skólaforðunar á Íslandi.

Hægt er að lesa niðurstöðurnar í skýrslu Maskínu<sup>2</sup> en niðurstöður hennar hafa einnig verið brotnar niður á vefsvæði Reykjavíkurborgar.<sup>3</sup>

### 2.3.2 Tillögur Velferðarvaktarinnar

Velferðarvaktin telur að farsæl skólaganga bæti stöðu þeirra sem hennar njóta og sé grundvöllur að lífsgæðum. Velferðarvaktin sendi félags- og barnamálaráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, heilbrigðisráðherra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga bréf þann 26. apríl 2019 með tillögum vaktarinnar. Á næstu síðu má sjá bréf til mennta- og menningarmálaráðherra, en öll bréfin voru sambærileg.

Í ljósi niðurstaðna könnunar Maskínu lagði Velferðarvaktin til að:

- sett verði af stað vinna sem miði að því að setja opinber viðmið um skólasókn á Íslandi og/eða auka heimildir skólastjórnenda til að hafna leyfisóskum foreldra/forsjáraðila. Í því sambandi má líta til reglna sem nágrannalönd okkar hafa sett
- ýtt verði undir viðhorfsbreytingu meðal foreldra/forsjáraðila um að borin sé virðing fyrir skólasókn barna
- sett verði af stað vinna með það að markmiði að fyrirbyggja skólaforðun og koma til móts við þau börn sem glíma við hana með auknum beinum stuðningi, úrræðum og forvörnum innan skólanna í samstarfi skóla-, heilbrigðis- og félagsþjónustu
- sett verði af stað vinna við að samræma fjarvistaskráningu um allt land svo fylgjast megi með umfangi skólaforðunar á hverjum tíma

Lagt var til að Samband íslenskra sveitarfélaga, mennta- og menningarmálaráðherra, heilbrigðisráðherra og félags- og barnamálaráðherra settu af stað formlegan starfshóp sem fjalla ætti um ofangreindar tillögur og að hann yrði í góðu samstarfi við m.a. Umboðsmann barna, Skólastjórafélag Íslands, Kennarasamband Íslands, heilsugæsluna, Embætti landlæknis, Barnaverndarstofu og frjáls félagasamtök sem koma að málefnum barna og skólanna s.s. Heimili og skóla, Barnaheill, UNICEF og fleiri.

---

<sup>2</sup> <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/2019-03-11-Velfer%C3%B0arvaktin-Sk%C3%B3las%C3%B3kn-Mask%C3%ADnusk%C3%BDrsla.pdf>

<sup>3</sup> <https://public.tableau.com/profile/maskina#!/vizhome/Velferavaktin/Afer>



Mennta- og menningarmálaráðuneytið  
Lilja Dögg Alfreðsdóttir, ráðherra  
Sölvhólsgötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2019

Ágæti mennta- og menningarmálaráðherra,

Velferðarvaktin vill vekja athygli á eftirfarandi tillögum sem kynntar voru í mars sl. í kjölfar niðurstaðna könnunar um skólasókn og skólaforðun<sup>1</sup> sem unnin var að frumkvæði Velferðarvaktarinnar. Helstu niðurstöður voru að leyfissókir vegna grunnskólanema hafa aukist mikið og telur stór hluti skólastjórnenda að foreldrar/forsjáraðilar hafi of rúmar heimildir til að fá leyfi frá skólasókn fyrir börnin sín. Þá leiddi könnunin í ljós að um 1.000 skólabörn glíma við skólaforðun sökum andlegrar vanlíðan eins og kvíða og þunglyndis.

Tillögur Velferðarvaktar eru að:

- sett verði af stað vinna sem miði að því að setja opinber viðmið um skólasókn á Íslandi og/eða auka heimildir skólastjórnenda til að hafna leyfissókum foreldra/forsjáraðila. Í því sambandi má líta til reglna sem nágrennalönd okkar hafa sett.
- ýtt verði undir viðhorfsbreytingu meðal foreldra/forsjáraðila um að borin sé virðing fyrir skólasókn barna.
- sett verði af stað vinna með það að markmiði að fyrirbyggja skólaforðun og koma til móts við þau börn sem glíma við hana með auknum beinum stuðningi, úrræðum og forvörnum innan skólanna í samstarfi skólaheilbrigðis- og félagsþjónustu.
- sett verði af stað vinna við að samræma fjarvistaskráningu um allt land svo fylgjast megi með umfangi skólaforðunar á hverjum tíma.

Lagt er til að Samband íslenskra sveitarfélaga, mennta- og menningarmálaráðherra, heilbrigðisráðherra og félags- og barnamálaráðherra setji af stað formlegan starfshóp sem fjalli um ofangreindar tillögur. Starfshópurinn verði í góðu samstarfi við m.a. Umboðsmann barna, Skólastjórafélag Íslands, Kennarasamband Íslands, heilsugæsluna, Embætti landlæknis, Barnaverndarstofu og frjáls félagasamtök sem koma að málefnum barna og skólanna s.s. Heimili og skóli, Barnaheill, UNICEF og fleiri.

Velferðarvaktin vekur einnig athygli á málþingi á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga í samstarfi við Velferðarvaktina og Umboðsmann barna, þann 20. maí nk. á Grand hóteli, sem ber yfirskriftina: *Skólasókn - skólaforðun, Hvert er hlutverk foreldra, skóla og stjórnvalda?*

Kveðja,  
Siv Friðleifsdóttir,  
formaður Velferðarvaktarinnar

Mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, svaraði bréfinu þann 11. júní 2019, þar sem hún m.a. þakkaði Velferðarvaktinni fyrir frumkvæðið og lýsir þeirri vinnu sem sett var af stað til úrbóta.



Félagsmálaráðuneytið  
Velferðarvaktin Sív Friðleifsdóttir  
Skógarlíð 6  
105 Reykjavík



Reykjavík 11. júní 2019  
Útl.: MMK:90402s/1830

**EÚÍ: Skólasókn og skólaforðun í grunnskóla**

Vísað er í erindi, dags. 26. apríl 2019 þar sem vaktin er alþygti mennta- og menningarmálaráðuneytis á tillögum Velferðarvaktarinnar setu kynntar voru í kjölfar niðurstöðna könnunar um skólasókn og skólaforðun sem unnið var af frumkvæði Velferðarvaktarinnar.

Ráðuneytið þakkar Velferðarvaktinni fyrir frumkvæðið að framangreindri könnun og ráðuneytið lítur það mjög alvarlegum augum að fjárvísir frá námi og skólaforðun komi niður á námi nemenda líkt og könnunin gefur vísbendingar um.

Sett hefur verið af stað vinna í ráðuneytinu við heildarendurskoðun á 16. kafla aðalnáttúskrár grunnskóla frá 2011 um undanfögur frá skyldunámi en ýmsar ábendingar hafa komið fram um að þörf sé á endurskoðun kaflans, m.a. í tengslum við könnun Velferðarvaktarinnar. Unnið er að gerð verkefnaáætlunar um endurskoðunina. Í vinnunni verður bæði unnið að ræða greiningarvinnu á vegum ráðuneytlisins og samstarf við hagsmunaaðila. Eitt lykilverkefna verður að yfirlara gildandi viðmið um leyfisveitingu skólastjóra og þrengja þær eins og kostur er í góðri samfélagslegri sátt, m.a. í samræmi við fyrirkomulag í nágrannalöndum. Varðandi viðhorfsbreytingu meðal foreldra til að taka virðingu þeirra fyrir skólasókn barna þá mun ráðuneytið taka þá tillögu til skoðunar við endurnýjun á styrktarsamtungi við fleumilt og skóla, en í undirbúningi er gerð samnings til nokkra ára við samvinnu. Þegar hefur verið rætt um skólaforðun í stýrihópi um málefni barna sem stýri er af félagsmálaráðuneytinu með fulltrúum frá nokkrum ráðuneytum, þá m. mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Áfram verður ljúkað um skólaforðun í stýrihópinu á næstunni og verður settur á laggimar undirhópur um málið sem hafi viðtekið samráð við hagsmunaaðila um úrvinnslu þess. Varðandi síðustu tillögum um samræmingu á fjárvistarskráningu þá var um það rætt á málþinginu 20. maí sl. um skólasókn og skólaforðun að Samband Íslenskra sveitarfélaga taki að sér að leiða slíka vinnu en í aðregnum sveitarfélögum og skólum er þegar unnið efur samræmingu fjárvistarskráningu. Ekki er tekið þörf á aðkomu mennta- og menningarmálaráðuneytis að útfærslu á þessari tillögu.

Ráðuneytið vantar þess að eiga áfram gott samstarf við Velferðarvaktina.

Fyrir hönd ráðherra

Stefán Stefánsson

Sigríður Lára Ásbergadóttir

### 2.3.3 Málþing um skólasókn og skólaforðun

Samband íslenskra sveitarfélaga, í samstarfi við Velferðarvaktina og Umboðsmann barna, stóð fyrir fjölmennu málþingi um skólasókn og skólaforðun á Grand hóteli 20. maí 2019. Á málþinginu var gerð grein fyrir niðurstöðum könnunar Velferðarvaktarinnar meðal skólastjórnenda á umfangi og ástæðum fjarvista nemenda úr grunnskólum og möguleikum til þess að bregðast við þeim. Í erindum voru málin skoðuð, m.a. út frá sjónarhóli skólayfirvalda, barnaverndar og foreldra/forsjáraðila með hagsmunum nemenda að leiðarljósi.

#### Dagskrá:

<b>08:30</b>	<b>Ávarp</b> <i>Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra.</i>
<b>08:40</b>	<b>Hvað ber hæst í niðurstöðum könnunar á skólasókn og skólaforðun?</b> <i>Siv Friðleifsdóttir, formaður Velferðarvaktarinnar.</i>
<b>09:10</b>	<b>Upplifun skólastjórnenda – hvað er til ráða?</b> <i>Þorsteinn Sæberg, formaður Skólastjórafélags Íslands.</i>
09:30	<b>Réttur barna til menntunar</b> <i>Salvör Nordal, umboðsmaður barna.</i>
09:50	<b>Ávarp</b> <i>Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra.</i>
<b>10:00</b>	<b>Kaffihlé</b>
<b>10:20</b>	<b>Skólaforðun – hegðun til að horfa eftir</b> <i>Hákon Sigursteinsson, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur.</i>
<b>11:00</b>	<b>Hvað getum við lært af nágrannaþjóðum okkar?</b> <i>Guðríður Bolladóttir, lögfræðingur hjá Umboðsmanni barna.</i>
<b>11:20</b>	<b>Pallborðsumræður – Hvað er til ráða og hvað viljum við að gerist næst?</b> <i>Erna Kristín Blöndal, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, Ingibjörg Sveinsdóttir, sérfræðingur hjá félagsmálaráðuneytinu, Jón Pétur Ziemsen, aðstoðarmaður menntamálaráðherra, Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, formaður Heimilis og skóla, Sigrún Harðardóttir, lektor við félagsráðgjafadeild HÍ og Sigurrós Á. Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Sjónarhóls.</i>
12:00	<b>Ávarp og lokaorð</b> <i>Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.</i>
<b>Á milli erinda</b>	<b>Þannig horfir þetta við okkur</b> <i>Stutt myndbönd með ungu fólki sem segir frá sinni sýn á málin.</i>

## 2.4 Námsgagnakostnaður og fleira á framhaldsskólastigi

Velferðarvaktin hefur lagt mikla áherslu á að börn og unglingar hafi góð og jöfn tækifæri til menntunar. Vaktin hefur staðið fyrir gerð kannana og rannsókna og lagt fram tillögur með það að markmiði að tryggja sem flestum börnum tækifæri til farsællar skólagöngu og sporna gegn brotthvarfi nemenda.

### 2.4.1 Kannanir vegna námsgagnakostnaðar á framhaldsskólastigi og fleira<sup>4</sup>

Á síðari hluta ársins 2019 stóð Velferðarvaktin fyrir tveimur könnunum um námsgagnakostnað og fleiri atriði sem geta tengst brotthvarfi úr framhaldsskólanámi. Kannanirnar voru unnar með rannsóknafyrirtækinu Maskínu.

Önnur könnunin fólst í vefumræðuborði þar sem leitað var til riflega 100 ungmenna sem voru að hefja nám í framhaldsskóla um haustið. Um 86 svöruðu spurningum og tóku þátt í umræðunum. Hin könnunin fólst í spurningakönnun þar sem leitað var til 31 skólameistara í framhaldsskólum. Innsend svör voru 30 og því svarhlutfall 96,7%.

Kannanirnar fjölluðu m.a. um hvernig var að hefja námið, andlega líðan, námsgagnakostnað, vinnu meðfram námi, stuðning foreldra við nám, rafræn námsgögn, móttökuáætlanir fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku, heimanám og styttingu framhaldsskólans. Kannanirnar gefa vísbendingar um þær áskoranir sem lúta að nemendum á framhaldsskólastigi, en niðurstöður beggja þessara kannana voru kynntar í mars 2020.

### Helstu niðurstöður úr nemakönnun<sup>5</sup>

Enginn þátttakandi sagði að það hefði verið erfitt að hefja nám í framhaldsskóla. Þó viðurkenndi tæplega helmingur að það hefði verið erfitt að byrja í framhaldsskóla, bæði af félagslegum ástæðum og einnig vegna þess að námið væri meira krefjandi.

Langflestir segja að kostnaður hafi ekki skipt máli þegar þeir völdu framhaldsskóla, enda virðast margir ekki vita hver kostnaðurinn er eða hafa litlar áhyggjur af kostnaði eða peningum. Foreldrar eða forsjáraðilar margra borguðu. Það er þó nokkuð ljóst að það kostar nokkur hundruð þúsund að hefja nám í framhaldsskóla. Hæstu útgjaldaliðir eru skóla- og/eða innritunargjöld og bókakaup hjá flestum. Á hinn bóginn tengjast langstærstu útgjaldaliðirnir heimavist hjá þeim sem búa við slíkan kost. Þótt ungmennin greiði fæst úr eigin vasa eru þau sammála um að það væri góður kostur að lækka eða afnema námsgagnakostnað framhaldsskólanema. Þegar spurt var frekar um námsbækur segja flestir að það sé mismunandi eftir fögum hversu hár kostnaðurinn sé, íslenska og raungreinar séu dýrustu fögin en stærðfræði ódýrust. Þeir sem hafa sleppt því að kaupa námsbækur, sem eru fáir, hafa gert það vegna kostnaðar eða að bókin er uppseld. Fæstir bera sjálfir kostnað af námsbókunum en þeir sem það gera segja að kostnaðurinn sé mikill og í sumum tilvikum sé erfitt að kljúfa hann.

Fram kom að um helmingur þátttakenda vinnur með námi og segja flestir að það sé vegna þess að þeir vilji eiga meiri peninga fyrir ýmsum útgjöldum, mat, föt, strætó o.s.frv. Flestir

<sup>4</sup> <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/velferdarvaktin/frettir/stok-frett-velferdarvaktar/2020/01/06/Kannanir-vegna-namsgagnakostnadar-a-framhaldsskolastigi-og-fleira/>

<sup>5</sup> Hér má skoða niðurstöður nemakönnunar Maskínu: [https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Felags--og-fjolskyldumal/Velferdarvaktir/2019-12-19\\_Velfer%C3%B0arvaktin\\_ungmenni\\_Mask%C3%ADnusk%C3%BDrsla.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Felags--og-fjolskyldumal/Velferdarvaktir/2019-12-19_Velfer%C3%B0arvaktin_ungmenni_Mask%C3%ADnusk%C3%BDrsla.pdf)

segjast eyða 10.000 eða 20.000 kr. á mánuði. Lægsta upphæð sem nefnd var er 1.000 kr. og hæsta 160.000 kr.

Helstu niðurstöður úr skólameistarakönnun<sup>6</sup>

Skólameistarar svöruðu 31 spurningu í könnuninni. Finna má samantekt niðurstaðna með tillögum Velferðarvaktarinnar Jafnt aðgengi að námi og bætt þjónusta við framhaldsskóla, sem samþykktar voru 3. mars 2020. Þar sem spurningar voru margar er hér aðeins stiklað á nokkrum atriðum.

Rúmlega helmingur (64,2%) skólameistara taldi kostnað við námsgögn vera nokkuð of mikinn eða allt of mikinn og flestir (82,1%) töldu það skipta mjög miklu eða fremur miklu máli fyrir nemendur í framhaldsskólum ef stjórnvöld lækkuðu kostnað við námsgögn í skrefum á næstu 2-5 árum, með auknum fjárveitingum til skólanna. 67,9% þekktu þó engin, mjög fá eða fá dæmi þess að námsgagnakostnaður væri það mikill að hann hefði orðið til þess að ungmenni hæfu ekki nám í framhaldsskóla. Þá töldu 53,5% að ef námsgögn í framhaldsskóla væru ókeypis myndu nokkru fleiri eða miklu fleiri ljúka námi. Töldu 21,5% skólameistara kostnað við námið skýra að nokkru, fremur miklu eða mjög miklu leyti brotthvarf úr námi í framhaldsskólum. Flestir skólar eru með virka móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku, eða 82,1%. Í 59,1% tilvika er áætlunun þó aðeins til á íslensku, í 36,4% tilvika er hún til á ensku, 9,1% tilvika á pólsku og á öðrum tungumálum í 4,5% tilvika. Þá segja 44,4% skólameistara að upplýsingar á pólsku/ensku/öðru tungumáli um nám sem í boði er í skólanum séu fremur óaðgengilegar á heimasíðu skólans. 33,3% telja þær í meðallagi aðgengilegar, en 22,2% fremur eða mjög aðgengilegar. Spurt var hvort boðið væri upp á heimanám fyrir nemendur í skólum skólameistaranna og hvort boðið væri upp á heimanám fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Í flestum skólum er boðið upp á heimanám (85,2%), en fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku er hlutfallið aðeins lægra (71,4%). Um helmingi skólameistara fannst að stytting framhaldsskólans hefði almennt haft engin eða í meðallagi áhrif á líðan nemenda í skólanum (55,5%) og á námsárangur þeirra (51,8%). 25,9% sögðu styttinguna hafa haft fremur jákvæð eða mjög jákvæð áhrif á líðan nemenda í skólanum, en 18,5% fremur neikvæð eða mjög neikvæð áhrif. Þá töldu 33,3% að styttingin hafi haft fremur eða mjög jákvæð áhrif á námsárangur, en 14,8% fremur neikvæð áhrif.

#### 2.4.2 Tillögur Velferðarvaktarinnar

Velferðarvaktin er einhuga um að menntun sé ein undirstaða góðra líf skjara. Mikilvægt er að öllum börnum og ungmennum séu tryggð tækifæri til farsællar skólagöngu og að spornað sé gegn brotthvarfi. Því þarf að tryggja jafnt aðgengi að námi, óháð efnahag, búsetu og öðrum aðstæðum. Velferðarvaktin samþykkti á fundi sínum 3. mars 2020 að leggja eftirfarandi til við stjórnvöld:

##### **1. Aðgengi framhaldsskólanema að geðheilbrigðisþjónustu og félagsráðgjöf verði bætt**

<sup>6</sup> Hér má skoða niðurstöður skólameistarakönnunar: [https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Felags--og-fjolskyldumal/Velferdarvaktir/2020-01-21\\_F%C3%A9lagism%C3%A1lar%C3%A1%C3%B0uneyti%C3%B0\\_Sk%C3%B3lmeistarar\\_Mask%C3%ADnusk%C3%BDrsla.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Felags--og-fjolskyldumal/Velferdarvaktir/2020-01-21_F%C3%A9lagism%C3%A1lar%C3%A1%C3%B0uneyti%C3%B0_Sk%C3%B3lmeistarar_Mask%C3%ADnusk%C3%BDrsla.pdf)

Einkenni kvíða og þunglyndis meðal ungmenna hafa aukist á síðustu árum bæði hér á landi og erlendis. Í skýrslunni Ungt fólk 2018-Framhaldsskólar sem Rannsókn og greining vann fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið, má sjá ýmsar breytur sem tengjast líðan ungmenna. Þar má t.d. sjá aukningu milli ára hvað varðar einmanaleika og svefnvanda hjá bæði strákum og stelpum en sums staðar er þó kynjamunur. Færri stelpur greina frá depurð árið 2018 samanborið við 2016, en litlar breytingar að sjá hjá strákum. Þegar kemur að því að ungmennin meti sjálf andlega heilsu sína má sjá að frá árinu 2004 hefur orðið mikil fækkun í hópi þeirra sem meta andlega heilsu sína góða eða mjög góða. Hjá stelpum fer hlutfallið úr 74% árið 2004 niður í 53% 2018 og hjá strákum úr 82% árið 2004 niður í 68% 2018.

Orsakir geta verið margvíslegar s.s. persónuleg áföll, fjölskyldusaga, ýmiss samanburður milli einstaklinga sem getur grafið undan sjálfsímynd og hraði nútímans svo eitthvað sé nefnt. Þá er talið að tekjujöfnuður geti haft áhrif á líðan í samfélögum, þ.e. að þar sem félagslegt jafnræði er mest farnist fólki betur.

Nú þegar hefur verið brugðist við vaxandi kvíða og þunglyndi innan skólanna að einhverju leyti og er það jákvætt. Þrátt fyrir það er þörf á frekari aðgerðum. Í október sl. skilaði starfshópur, leiddur af Embætti landlæknis, greinargóðum tillögum í skýrslunni Innleiðing geðræktarstarfs, forvarna og stuðnings við börn og ungmenni í skólum á Íslandi.

Velferðarvaktin tekur undir eftirfarandi tillögur sem þar koma fram varðandi framhaldsskólann:

*a. Gerð verði breyting á lögum um framhaldsskóla og samsvarandi reglugerð sett sem skilgreini skólaþjónustu á framhaldsskólastigi í samræmi við reglugerð um skólaþjónustu leik- og grunnskóla.*

*b. Framhaldsskólarnir vinni markvisst að því að efla foreldrastarf og skólatengsl s.s. með reglulegu sambandi og viðtölum við nemendur og foreldra.*

Þá ítrekar Velferðarvaktin fyrri tillögur um að:

*c. Geðheilbrigðisþjónusta við framhaldsskólanema verði eflað enn frekar með greiðara aðgengi að sálfræðingum, nemum að kostnaðarlausu.*

*d. Aðgengi að félagsráðgjöf innan skólanna verði aukið til að koma til móts við félagslega stöðu nemenda.*

*e. Forvarnir og heilsuefling verði eflað og brugðist strax við með heilðrænum hætti ef vart verður við vanda nemanda.*

**2. Stefnt verði að lækkun námsgagnakostnaðar nema í framhaldsskólum í skrefum** Mikilvægt er að tryggja jafnt aðgengi að námi óháð efnahag, búsetu og öðrum aðstæðum. Til að tryggja það meginmarkmið leggur Velferðarvaktin til að:

a. Stjórnvöld geri áætlun um að lækka námsgagnakostnað nemenda sem stunda nám í opinberum framhaldsskólum og taki þannig hin Norðurlöndin sér til fyrirmyndar.

b. Hlutfall rafrænna námsgagna í framhaldsskólum verði aukið til að ná fram betri gæðum námsgagna og draga úr kostnaði.

Stefna mætti að því, í áföngum á tilteknu tímabili, að ná sömu stöðu og á hinum Norðurlöndunum, en námsgögn í framhaldsskólum eru gjaldfrjáls í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Samkvæmt upplýsingum Velferðarvaktarinnar ákvað Helsinki árið 2018 að gera slík námsgögn gjaldfrjáls (free textbook programme) og í kjölfarið hafa



sífelld fleiri sveitarfélög tekið sama skref, en í Finnlandi er rekstur opinberra framhaldsskóla á vegum sveitarfélaga.

Varðandi útfærslu einstakra þátta mætti taka hin Norðurlöndin sér til fyrirmyndar.

Sé vilji stjórnvalda til þess að fylgja fordæmi hinna Norðurlandanna og taka skref í þá átt að lækka námskostnað er nú þegar lagaheimild fyrir hendi og þarf því ekki að afla hennar. Árið 2008 voru eftirfarandi nýmæli sett inn í lög um framhaldsskóla nr.92/2008. Þar segir í 51. gr. „Námsgögn. Í fjárlögum ár hvert skal tilgreind sú fjárhæð sem veitt er til að mæta kostnaði nemenda vegna námsgagna. Ráðherra setur reglur um skiptingu fjárens og fyrirkomulag þessa stuðnings.“

Samkvæmt könnun Velferðarvaktarinnar í árslok 2019 áætla skólameistarar framhaldsskólanna að meðalkostnaður vegna námsgagna sé 43.615 krónur á nemanda á fyrsta ári. Eitthvað af gögnum nýtist milli ára og má því gera ráð fyrir að meðalkostnaður vegna námsgagna í framhaldsskóla sé um 40.000 kr. á ári. Að því gefnu að langflestir nemendur fari úr grunnskóla í framhaldsskóla, eru það um 4.000 nemendur árlega. Kostnaður árgangs vegna námsgagnakostnaðar gæti því verið um 160 milljónir króna á ári miðað við þessar forsendur. Fyrsta skref í lækkun námsgagnakostnaðar gæti því falist í framlagi í fjárlögum skv. 51. gr. laga um framhaldsskóla upp á 160 milljónir króna.

Þessir útreikningar eru með þeim fyrirvara að nemendur geta verið aðeins fleiri eða færri og kostnaður mismunandi eftir árum eða brautum. Síðan eru ýmsir aðrir í framhaldsskólum en þeir sem koma beint úr grunnskóla, t.d. eldri nemendur og nemendur í öðru sérhæfðu námi. Hér er byrjað á nemendum sem koma beint úr grunnskóla og reiknað með kostnaði við þriggja ára framhaldsskóla miðað við fullt nám.

Til að freista þess að lækka kostnað mætti skoða áhrif þess að auka aðgengi að rafrænum námsgögnum. Í könnun meðal skólameistara kemur fram mjög jákvætt viðhorf til þess að styðjast við rafræn námsgögn og áætla þeir að hlutfall þeirra í kennslu muni aukast á næstunni. Verði námsgögn í stórum stíl rafræn má áætla að námsgagnakostnaður lækki. Gefin var út meistararitgerð árið 2012 um þróun námsefnisútgáfu fyrir framhaldsskóla þar sem fjallað var m.a. um rafræn námsgögn og mögulega þróun námsgagnakostnaðar. Miðað við þær forsendur, sem eru þar gefnar, má áætla að verði námsgögn rafræn í stórum stíl megi lækka kostnað vegna námsgagna.

Velferðarvaktin bendir á að námsefni fyrir framhaldsskóla er gefið út af bókaútgefendum á almennum markaði, af kennurum, skólum o.fl. Engir staðlar, af hendi hins opinbera, eru til staðar né öflugt gæðaeftirlit.

### **3. Komið verði betur til móts við nemendur sem bera aukakostnað vegna búsetu fjarri skóla**

Nemendur eiga kost á að fá styrk vegna búsetu fjarri skóla samkvæmt lögum um námsstyrki nr. 79/2003. Velferðarvaktinni er umhugað um að efnalitlir nemendur hafi jafnt aðgengi og aðrir að námi og hvetja stjórnvöld til að finna leiðir til að koma betur til móts við þá nemendur sem stunda framhaldsskólánám fjarri heimabyggð og bera aukakostnað vegna samgangna og dvalar á heimavist.

### **4. Þjónusta við nemendur með annað móðurmál en íslensku verði eflað**

Samkvæmt sérheftri félagsvísa um innflytjendur (Hagstofan 2019) er skólasókn innflytjenda í leikskóla, framhaldsskóla og háskóla að jafnaði lægri en skólasókn innlendra. Mestur er munurinn í framhaldsskóla. Hlutfallslega færri innflytjendur en

innlendir byrja í framhaldsskóla við 16 ára aldur og skólasókn þeirra minnkar meira fyrir hvert aldursár. Ef horft er til ársins 2017 má sjá að nær allir innlendir á 16. aldursári sækja framhaldsskóla, en 8 af hverjum 10 innflytjendum. Á 19. aldursári sóttu um 7 af hverjum 10 innlendum íbúum framhaldsskóla, en aðeins um 2 af hverjum 10 innflytjendum. Endurtekning þessa mynsturs á árunum 2008 til 2017 gefur vísbendingu um að brotthvarf úr framhaldsskóla sé algengara meðal innflytjenda en innlendra. Flestir innflytjendur sem sækja framhaldsskóla hafa dvalist hér á landi í meira en 9 ár.

Með tilliti til þessara upplýsinga og upplýsinga sem fram komu í framangreindri könnun þar sem m.a. var spurt um móttöku nemenda af erlendum uppruna telur Velferðarvaktin mikilvægt að:

a. Framhaldsskólar útbúi móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Þrátt fyrir að margir framhaldsskólar séu með móttökuáætlun er mikilvægt að skerpa á því að hún sé kynnt markvisst og sé vel aðgengileg á heimasíðum skólanna. Móttökuáætlanir verði einnig aðgengilegar á ensku og/eða pólsku og fleiri tungumálum eftir þörfum.

b. Framhaldsskólar tryggi að allir nemendur með annað móðurmál en íslensku fái einstaklingsnámskrá samkvæmt reglugerð nr.654/2009 um rétt nemenda til kennslu í íslensku.

Tillögurnar voru sendar mennta- og menningarmálaráðherra, félags- og barnamálaráðherra, og heilbrigðisráðherra, þann 5. mars 2020.

#### 2.4.3 Rannsókn á brotthvarfi og námstöfum á framhaldsskólastigi<sup>7</sup>

Síðla árs 2019 var ákveðið að Kolbeinn Stefánsson félagsfræðingur tæki saman skýrslu um brotthvarf og námstafir á framhaldsskólastigi fyrir Velferðarvaktina. Helgi Eiríkur Eyjólfsson, sérfræðingur á skrifstofu mennta- og vísindamála í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, myndi einnig koma að verkinu. Verkefnið snýst um greiningu gagna Hagstofu Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytis er varða brotthvarf og námstafir á framhaldsskólastigi þar sem horft verður til félagslegs og efnahagslegs bakgrunns nemenda ásamt námsárangri á grunnskólastigi með það fyrir augum að kortleggja þætti sem spá fyrir um brotthvarf og námstafir. Í fyrstu var áætlað að ljúka skýrsluskrifunum í október 2020, en sökum tafa er áætlað að þeim ljúki snemma árs 2021.

## 2.5 Félagsvísar

### 2.5.1 Endurbætt útgáfa félagsvísa

Í mars 2009 samþykktu stjórnvöld að tillögu Velferðarvaktarinnar að setja af stað vinnu við að safna saman ýmiss konar samfélagslegum mælingum undir yfirskriftinni félagsvísar. Félagsvísar er ætlað að mæla þætti sem eru í eðli sínu mikilvægir fyrir líf fólks

---

<sup>7</sup> Frétt um rannsókn: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/velferdarvaktin/frettir/stok-frett-velferdarvaktar/2020/01/06/Rannsokn-a-brotthvarfi-og-namstofum-a-framhaldsskolastigi/>

og hafa bein áhrif á félagslega velferð þess. Félagsmálaráðuneytið og Hagstofa Íslands hafa gefið út félagsvísa árlega frá árinu 2012. Frá 31. janúar 2019 voru gefnir út nýir og endurbættir félagsvísar.

### Markmið félagsvísa

Markmið vísanna er að draga upp heildarmynd af ástandi þjóðarinnar þar sem velferð, heilbrigði, vellíðan og þarfir íbúanna eru í brennidepli. Félagsvísarnir hafa nýst sem tæki til að greina hópa í vanda. Þeir hafa auðveldað stjórnvöldum, hagsmunasamtökum og almenningi að fylgjast með þróun í samfélaginu og stutt við stefnumótun.

### Tilfni endurskoðunar

Á síðustu árum hefur orðið mikil þróun í sams konar vísam hjá öðrum hagstofum og alþjóðastofnunum sem gaf tilfni til endurskoðunar á félagsvísam. Markmið endurskoðunarinnar var að skýra nánar hvað vísarnir eigi að mæla, meta gæði mælinga og útskýra hugtök félagsvísanna. Nýjum ramma félagsvísa er ætlað að auðvelda samanburð á félagslegri stöðu milli samfélagshópa. Stefnt er að því að birta árlega kjarnaútgáfu félagsvísa þar sem staða almennrar félagslegrar velferðar verður metin. Í sérútgáfum félagsvísa verður félagsleg staða mismunandi samfélagshópa skoðuð eða kafað dýpra ofan í ákveðna vídd félagslegrar velferðar. Auk þessa voru gerðar endurbætur á miðlun félagsvísa.<sup>8</sup>

Reynslan af ofangreindri endurskoðun á fyrirkomulagi félagsvísa er síðri en við mátti búast. Því hafa Velferðarvaktin, félagsmálaráðuneytið og Hagstofan tekið upp samtal í lok árs 2020 til að ná fram breytingum til bóta.

### 2.5.2 Félagsleg velferð innflytjenda á Íslandi

Þann 31. janúar 2019 var birt sérhefti félagsvísa um innflytjendur þar sem birt er í fyrsta sinn sérstök umfjöllun um félagslega velferð innflytjenda á Íslandi.

„Markmið þessa sérheftis um innflytjendur er að draga upp heildstæða mynd af stöðu innflytjenda á Íslandi, þar sem félagsleg velferð þeirra er í brennidepli. Þetta er í fyrsta skipti sem Hagstofa Íslands gefur út svo yfirgripsmikið efni um stöðu innflytjenda þar sem horft er til fjárhags, menntunar, atvinnu, húsnæðis, lýðræðis, jafnvægi atvinnu og einkalífs, umhverfisgæða og öryggis. Innflytjendur eru fjölbreyttur hópur einstaklinga sem getur komið hingað til lands sem námsmenn, vinnuafli, ástvinir eða í leit að alþjóðlegri vernd.“<sup>9</sup>

„Hlutfall innflytjenda á Íslandi hefur aldrei verið hærra en árið 2018 þegar það var 12,6% mannfjöldans. Niðurstöðurnar benda til þess að innflytjendur hafi gott aðgengi að íslenskum vinnumarkaði, séu upp til hópa aðilar að stéttarfélagi og búi við áþekk umhverfisleg gæði og öryggi í sínu nærumhverfi og innlendir íbúar. Hins vegar mæta þeir hindrunum við að sækja sér menntun, fá síður störf við hæfi, búa við þrengri húsnæðiskost og hafi að hluta til verri fjárhagsstöðu en innlendir íbúar.“<sup>10</sup>

<sup>8</sup> Hagstofan: Greinargerð: <https://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/2019/898e0d65-2244-400a-b5cd-e0c87c005e8d.pdf>

<sup>9</sup> <https://hagstofa.is/utgafur/utgafa/lifskjor/felagsvisar-serhefti-um-innflytjendu/>

<sup>10</sup> Hagstofan: Félagsleg velferð innflytjenda á Íslandi: <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/lifskjor/felagsvisar-serhefti-um-innflytjendur/>

### 2.5.3 Félagsvísar sýna þróun efnahagslegrar stöðu

Félagsvísarnir nýtast til að vakta hópa sem standa höllum fæti því þeir sýna m.a. efnahagslega stöðu. Ekki eru til opinber viðmið um fátækt á Íslandi, en helst hefur verið notast við skilgreiningu á lágtekjumörkum sem miða við 60% af miðgildi ráðstöfunartekna. Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru 8,8% íbúa undir lágtekjumörkum árið 2016, 10,3% árið 2017 og 9,0% árið 2018 (ekki komin tala fyrir 2019). Hlutfall barna sem búa á heimili sem hefur verið undir lágtekjumörkum að minnsta kosti þrisvar sinnum síðastliðin fimm ár var 9,23% árið 2016, 9,19% árið 2017, 9,14% árið 2018 og 8,95% árið 2019. Þá hvar hlutfall einstæðra foreldra undir lágtekjumörkum 24,9% árið 2016, 24,1% árið 2017 og 21,9% árið 2018 (ekki komin tala fyrir 2019).

Velferðarvaktin hefur stuðst við þá skilgreiningu að sárafatækt samsvari þeim hópi sem Hagstofan mælir í lífskjararannsókn sinni að búi við verulegan skort á efnislegum gæðum, en mælingin „skortur á efnislegum gæðum“ var þróuð af evrópsku hagstofunni Eurostat með það fyrir augum að bregðast við vissum annmörkum tekjumælinga á fátækt. Á vef Hagstofu má finna skilgreininguna: Fólk telst búa við verulegan skort á efnislegum gæðum ef það býr á heimili þar sem fernt eða meira af eftirfarandi á við:

1. Hefur lent í vanskilum húsnæðislána eða annarra lána vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum
2. Hefur ekki efni á að fara árlega í vikulanget frí með fjölskyldunni
3. Hefur ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag
4. Getur ekki mætt óvæntum útgjöldum (sem voru að upphæð 180 þúsund krónur árið 2018)
5. Hefur hvorki efni á heimasíma né farsíma
6. Hefur ekki efni á sjónvarpstæki
7. Hefur ekki efni á þvottavél
8. Hefur ekki efni á bíl
9. Hefur ekki efni á að halda húsnæðinu nægjanlega heitu

Lífskjararannsókn Hagstofunnar sýnir að hlutfall þeirra sem þjuggu við verulegan skort á efnislegum gæðum og Velferðarvaktin skilgreinir að búi við sárafatækt, var 1,9% árið 2016, 1,3% árið 2017 og 0,7% árið 2018 (ekki komin tala fyrir 2019).

Lífskjör á Íslandi eru almennt talin góð samanborið við aðrar þjóðir og ofangreindar mælingar benda til þess að þróunin hafi verið jákvæð hin seinni ár. Þrátt fyrir það stendur ákveðinn hópur fólks höllum fæti. Skortur á efnislegum gæðum og fátækt getur alið af sér aðrar þrengingar s.s. félagslegan vanda. Því er mikilvægt að vera stöðugt vakandi fyrir því hvað megi betur fara. Þá vekur heimsfaraldur Covid-19 upp áhyggjur af þróuninni árið 2020 og inn í framtíðina. Nú þegar má sjá að mikið atvinnuleysi og ýmsa aðra óáran tengda faraldrinum sem þrengir að í efnahagslegu og félagslegu tilliti. Líklegt er að þær þrengingar verði viðvarandi á næstu misserum og ef til vill lengur. Þróunin gæti því snúist á neikvæðari veg.

## 2.6 Málefni heimilislausra með fjölþættan vanda

Velferðarvaktin hefur látið málefni heimilislausra með fjölþættan vanda til sín taka og lagði fram tillögur um bættar aðstæður þessa hóps árið 2018 þar sem m.a. var kallað eftir dagdvöl, lágþroskulda atvinnutækifærum, bættu aðgengi að þjónustu og öruggara

húsnæði. Í tilefni tillagna Velferðarvaktarinnar, erindis Umboðsmanns Alþingis og Reykjavíkurborgar um málefni heimilislausra með félags- og heilsufarslegan vanda, skipaði félags- og jafnréttismálaráðherra stýrihóp í nóvember 2018 til að skoða þær ábendingar, hugmyndir og tillögur sem fram komu í bréfum framangreindra aðila og í framhaldinu leggja fram tillögur sem m.a. lutu að húsnæðismálum, heilbrigðisþjónustu og dagþjónustu við markhópinn. Tillögur hópsins voru gefnar út af félagsmálaráðuneytinu í desember 2019. Í framhaldinu setti heilbrigðisráðherra af stað verkefnahóp í mars 2020 með fulltrúum heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar til að kanna fýsileika þess að opna hjúkrunar- og búsetuúrræði fyrir aldraða með samþættan geð- og fíknivanda, en hluti hópsins sem um ræðir hefur nýtt sér þjónustu gistiskýla um lengri eða skemmri tíma, önnur úrræði félagsþjónustu sveitarfélaga, heilbrigðisþjónustu eða hjúkrunarheimila. Í lok desember 2020 kynnti heilbrigðisráðuneytið að hjúkrunardeild fyrir heimilislaust fólk yrði sett á fót á árinu 2021. Um er að ræða 12 rýma sérhæfða hjúkrunardeild ætlaða heimilislausu fólki sem þarfnast hjúkrunar og umönnunar og glímur við langvarandi neysluvandamál, oft samhliða geðrænum vanda. Deildin verður samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga.

### 2.6.1 Málþing um heimilisleysi

Þann 10. október 2019, á alþjóðadegi heimilisleysis, stóð Velferðarvaktin, velferðarsvið Reykjavíkurborgar, Geðhjálp og SÁÁ sameiginlega fyrir málþinginu *Samfélag fyrir alla á ábyrgð allra*. Málþingið fór fram í Von, sal SÁÁ að Efstaleiti 7, og var Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, fundarstjóri.

Margar áhugaverðar kynningar voru á dagskrá s.s. kynning Juha Kaakinen á stefnu Finnlands Housing first, en Finnland er eina landið í Evrópu þar sem fjöldi heimilislausra fer minnkandi. Þá var vinna stýrihóps félagsmálaráðuneytis í málefnum heimilislausra með miklar þjónustuþarfir kynnt sem og breytt stefna Reykjavíkurborgar í málefnum heimilislauss fólks.

Dagskrá:

- 8:30 – Ávarp. Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra.
- 8:45 – Heimilisleysi í Finnlandi og Housing First. Juha Kaakinen, framkvæmdastjóri Y-Säätiö í Finnlandi.
- 9:30 – Fyrirspurnir og umræður.
- 10:00 – Kaffi og kleinur.
- 10:20 – Kynning á breyttri stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum heimilislauss fólks. Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkur.
- 10:40 – Reynsla notanda. Geirdís Hanna Kristjánsdóttir, fulltrúi PEPP.
- 10:45 – Kynning á vinnu stýrihóps félagsmálaráðuneytis í málefnum heimilislausra með miklar þjónustuþarfir. Ingibjörg Sveinsdóttir, sérfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu.
- 11:00 – Reynsla aðstandanda. Gunnar Hilmarsson, fulltrúi Minningarsjóðs Lofts.
- 11:05 – Pallborðsumræður.

Stjórnandi: Eygló Harðardóttir, verkefnastýra í Kvænnaathvarfinu.

Arnbór Jónsson, formaður SÁÁ  
 Einar Þór Jónsson, formaður Geðhjálpar  
 Elín Oddný Sigurðardóttir, varaformaður velferðarráðs Reykjavíkur  
 Hildur Guðmundsdóttir, staðgengill framkvæmdastjóra Kvænnaathvarfs  
 Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar  
 Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Félagsbústaða  
 Sigrún Ásta Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri greininga- og áætlanasviðs Íbúðalánasjóðs  
 Vilborg Oddsdóttir, fulltrúi í Velferðarvaktinni

11:50 – Samantekt og lokaorð. Eygló Harðardóttir.

## 2.7 Könnun á fyrirkomulagi matarúthlutana og ráðgjafar hjálparsamtaka

Síðla árs 2020 fólu Velferðarvaktin og félagsmálaráðuneytið Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að gera úttekt á á fyrirkomulagi úthlutana og ráðgjafar hjálparsamtaka með það að markmiði að kanna hvers konar aðstoð er veitt, kortleggja hvaða hópar leita til hjálparsamtaka eftir aðstoð, kanna viðhorf til aðstoðarinnar og hvað megi bæta. Úttektin fólst í því að aflað var gagna með spurningakönnunum og viðtölum. Spurningakönnun var lögð fyrir notendur eftirfarandi hjálparsamtaka: Fjölskylduhjálpar Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn og Mæðrastyrksnefndir í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Akureyri og Akranesi. Þá var hálfstaðlaður skriflegur spurningalisti lagður fyrir forsvarsmenn samtakanna og viðtöl tekin augliti til auglitis við fimm ráðgjafa í félagsþjónustu. Til þess að ná til sem flestra var spurningalistinn, sem lagður var fyrir notendur, þýddur á ensku, pólsku, spænsku og arabísku. Í fyrstu var áætlað að ljúka skýrsluskrifum í nóvember 2020, en sökum tafa er áætlað að þeim ljúki snemma árs 2021. Í lok árs 2020 fólu Velferðarvaktin og félagsmálaráðuneytið Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að afla gagna og skrifa skýrslu um hvert sé fyrirkomulag aðstoðar hjálparsamtaka annars staðar á Norðurlöndunum. Gert er ráð fyrir að þeirri skýrslu verði skilað í mars 2021.

## 2.8 Covid-19

Covid-19 faraldurinn setti svip sinn á seinni hluta tímabilsins, bæði hvað verkefni vaktarinnar varðar og vinnutilhögun. Stjórnvöld ákváðu að Velferðarvaktin yrði ráðgefandi aðili fyrir tvö teymi sem sett voru á laggirnar vegna faraldursins, fyrst í mars 2020 fyrir viðbragðsteymi velferðarþjónustu og síðar í júní 2020 fyrir uppbyggingarteymi félags- og atvinnumála í kjölfar Covid-19. Þá færðust allir fundir Velferðarvaktarinnar yfir á netið frá og með fundi vaktarinnar 22. apríl 2020 fyrir utan fundinn 19. júní 2020. Á þeim fundi var fjallað um stöðuna á Suðurnesjum vegna Covid-19 með heimamönnum og fór fundurinn fram í Stapa í Reykjanesbæ.

### 2.8.1 Viðbragðsteymi um þjónustu við viðkvæma hópa

Í fyrstu bylgju faraldursins í mars 2020 var talsverður ótti um að rof gæti orðið á þjónustu við viðkvæma hópa sem reiða sig á velferðarþjónustu. Um miðjan mars var því stofnað viðbragðsteymi velferðarþjónustu að frumkvæði félags- og barnamálaráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og formanns stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Viðbragðsteymið byggði á víðtæku samstarfi ríkis, sveitarfélaga, fagaðila og hagsmunaaðila um allt land svo tryggja mætti öryggi og nauðsynlega þjónustu fyrir þá sem mest þurftu á henni að halda, svo sem fatlað fólk, aldraða og börn og fjölskyldur. Ákveðið var að Velferðarvaktin yrði ráðgefandi aðili fyrir viðbragðsteymi velferðarþjónustu. Það fól í sér að Velferðarvaktin hafði mjög gott aðgengi að teyminu, fundaði með því reglulega, kom ábendingum á framfæri og fékk sendar stöðuskýrslur teymisins. Á starfstíma viðbragðsteymisins frá 17. mars til 19. maí gaf teymið út átta stöðuskýrslur. Með þessum hætti var byggð góð brú milli viðbragðsteymis velferðarþjónustu og allra þeirra aðila sem fulltrúa eiga í Velferðarvaktinni. Mikilvægar upplýsingar gengu þannig hratt á milli aðila sem átti sinn þátt í því að vel gekk að bregðast við þeirri stöðu sem upp kom hverju sinni vegna faraldursins. Góð þekking á aðstæðum skapar verðmætan skilning og samtakamátt. Þar

fyrir utan áttu fjölmargir aðilar í Velferðarvaktinni beint samband og samstarf við viðbragðsteymið, allt eftir atvikum hverju sinni.

### 2.8.2 Uppbyggingarteymi félags- og atvinnumála í kjölfar Covid-19

Þegar líða tók á árið 2020 breyttust verkefni vegna faraldursins. Farið var úr viðbragðsfasa yfir í að vinna að mótvægisáðgerðum vegna félagslegra og fjárhagslegra afleiðinga hans. Í lok júní var því viðbragðsteyminu breytt í uppbyggingarteymi félags- og atvinnumála í kjölfar Covid-19. Uppbyggingarteymið hefur það hlutverk að safna og miðla upplýsingum um stöðu félags- og atvinnumála á landsvísu vegna faraldursins og fylgja eftir áðgerðum ríkisstjórnarinnar er þetta varðar. Uppbyggingarteymið fjallar um vinnuþáttumál, nýgengi og ástæður örorkumats, fjárhagsstöðu heimilanna, velferðarþjónustu sveitarfélaga, framboð leiguhúsnæðis og þróun húsnæðisbóta, ásamt því að hafa eftirfylgd með verkefnum er varða félags- og atvinnumál sem ríkisstjórn Íslands hefur ráðist í vegna Covid-19. Fulltrúar í uppbyggingarteyminu eru frá félagsmálaráðuneytinu, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Vinnuálastofnun, Umboðsmanni skuldara, samtökum félagsmálastjóra og Reykjavíkurborg. Samhliða stofnun beggja teyma, viðbragðs- og uppbyggingarteymis, var sett á laggirnar bakvarðasveit velferðarþjónustunnar sem þjónustuveitendur gætu leitað til ef upp kæmi smit og mönnun grunnþjónustu stæði höllum fæti tímabundið. Á árinu 2020 skiluðu sér í bakvarðasveitina um 1.500 skráningar sjálfboðaliða með fjölbreyttan bakgrunn.

Velferðarvaktinni var einnig falið að vera ráðgefandi aðili fyrir nýja uppbyggingarteymið. Hefur vaktin því fundaði með fulltrúum úr teyminu reglulega og fengið aðgang að stöðuskýrslum þess. Stöðuskýrslur uppbyggingarteymisins voru níu á árinu 2020. Frá því faraldurinn hófst hefur Velferðarvaktin því átt auðvelt með að koma ábendingum um hvað megi betur fara og tillögum sínum á framfæri við stjórnvöld, sem og fengið upplýsingar frá stjórnvöldum og fleirum um hver staðan er á hverjum tíma. Þá hafa fulltrúar í Velferðarvaktinni komið ábendingum sínum á framfæri á fundunum og í gegnum netfangið [vidbragd@frn.is](mailto:vidbragd@frn.is). Á þennan hátt hefur Velferðarvaktin átt beint samtal við stjórnvöld um hluta þeirra mótvægisáðgerða sem gripið hefur verið til. Fram hefur komið að ábendingar og tillögur Velferðarvaktarinnar hafa margar hverjar skilað sér í þeim mótvægisáðgerðum sem gripið hefur verið til. Hér er einungis nefnt eitt dæmi, sérstakur frístunda- og tómsundastyrkur til barna á tekjulágum heimilum sem fjármagnaður verður með 600 milljóna króna framlagi úr ríkissjóði árið 2020 og 300 milljónum króna árið 2021.

Í níundu stöðuskýrslu uppbyggingarteymis, sem gefin var út 22. desember 2020, segir „Það er vert að þakka sérstaklega félagsamtökum og sveitarfélögum fyrir þá vinnu enda endurspeglast upplýsingar þeirra í áðgerðum til handa viðkvæmum hópum sem gripið var til með afgerandi hætti á árinu 2020 og haldið verður áfram með á árinu 2021. Frá upphafi heimsfaraldurs hafa bæði fulltrúar viðbragðs- og uppbyggingarteymis átt þétt samstarf við Velferðarvaktina sem miðlað hefur upplýsingum inn í teymin auk þess sem fulltrúar teymanna hafa mætt á fundi til að eiga samtal og þiggja þekkingu sem þar býr og mikilvæg hefur verið á þessu ári.“

### 2.8.3 Tillögur Velferðarvaktarinnar til stjórnvalda, bæði ríkis og sveitarfélaga, um leiðarljós á tímum Covid-19

Eðli málsins samkvæmt hefur meginþungi starfs Velferðarvaktarinnar á árinu 2020 snúist að neikvæðum áhrifum Covid-19 faraldursins á þjónustu við viðkvæma hópa og áhrifum faraldursins á félagslega og fjárhagslega stöðu þeirra sem hvað höllustum fæti standa. Báðir undirhópar vaktarinnar, sárafátæktarhópurinn og barnahópurinn, hafa fjallað um

áhrif faraldursins og til hvaða mótvægisáðgerða þyrfti að grípa til að milda stöðuna. Hóparnir hafa m.a. fjallað um og haft áhyggjur af vaxandi heimilisofbeldi og ofbeldi gagnvart börnum, en tilkynningum til barnaverndar fjölgaði um 14,3% fyrstu níu mánuði ársins 2020 borið saman við sömu mánuði árið 2019. Áhyggjur eru varðandi nám barna sem búa við erfiðar aðstæður en þeim hentar oft síður að stunda fjarnám. Þá eru miklar áhyggjur vegna neikvæðra áhrifa stóraukins atvinnuleysis. Samkvæmt októberskýrslu Vinnuálastofnunar var heildaratvinnuleysi mjög mikið í sögulegu samhengi eða 11,1% (almennt atvinnuleysi 9,9% og 1,2% vegna hlutabótaleiðar). Verst er staðan á Suðurnesjum en þar var heildaratvinnuleysi 21,2% í október 2020. Eftir umræðu í hópnum voru lagðar fram tillögur til stjórnvalda, bæði ríkis og sveitarfélaga, um leiðarljós á tímum Covid-19. Tillögurnar voru samþykktar á fundi Velferðarvaktarinnar þann 1. desember 2020.

### Tillögur Velferðarvaktarinnar um leiðarljós á tímum Covid-19

1. Stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög, vinni stefnumótun og aðgerðaáætlun gegn fátækt efnalítilla barnafjölskyldna, þ.a. afleiðingar faraldursins verði sem minnstar á börn og ungmenni. Hafa má norsku stefnuna gegn barnafátækt, *Like muligheter i oppveksten – Regjeringens samarbeidsstrategi for barn og ungdom i lavinntektsfamilier 2020-2023*, til hliðsjónar. Reykjavíkurborg hefur nú þegar hafið slíka vinnu undir fyrirsögninni *Aðgerðaáætlun stýrihóps velferðarsviðs um aðgerðir gegn sárafátækt barna og fjölskyldna þeirra – október 2020*.
2. Hafin verði endurskoðun á lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem skýrslan *Framkvæmd fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga – virkni og valdefling* frá 2019 verði höfð til hliðsjónar. Þar er m.a. lagt til að skilgreind verði grunnfjárhæð til framfærslu og að heimildargreiðslur verði samræmdar milli sveitarfélaga.
3. Biðtími eftir afgreiðslu atvinnuleysisbóta, endurhæfingarlífeyris og örorkulífeyris er of langur og hefur lengst m.a. vegna aukins álags hjá þeim stofnunum sem að máli koma, innlendum sem erlendum. Kannaðir verði möguleikar á að veita lán frá stofnun þar sem biðtími er, þ.a. fólk verði ekki tekjulaust á biðtíma. Láni verði breytti í styrk ef réttur til bóta er fyrir hendi að biðtíma loknum.
4. Unnið verði að því að sporna gegn félagslegri einangrun og einmanaleika aldraðra sem orðið hefur vegna Covid-19. Eldri borgarar hafa víða þurft að þola skerta samveru og félagslega einangrun m.a. vegna sóttkvíar og innilokunar. Því er mikilvægt að leggja aukna áherslu á frístundaiðkun, geðrækt, hreyfingu og forvarnir sem auka lífsgæði þeirra og draga úr einmanaleika.
5. Aðgengi fólks að upplýsingagjöf um réttindi þess í velferðarþjónustu verði bætt.
6. Hámarksgræiðslur barnabóta, sem nýtast einstæðum foreldrum og tekjulægsta hópnum, verði hækkaðar.
7. Hagur öryrkja og barna þeirra verði bættur.
8. Niðurgreiðslur vegna íþrótta- og tólmstundastarfs barna sem búa við fjárhagsþrengingar verði auknar.
9. Börnum sem búa við fjárhagsþrengingar verði tryggðar ókeypis skólamáltíðir.
10. Skólastjórnendur sjái til þess að aðgengi að viðeigandi tölvubúnaði hamli ekki námi barna.
11. Unnið verði markvisst að því að draga úr brotthvarf úr námi m.a. með auknu aðgengi að skólaheilsugæslu, geðheilbrigðisþjónustu og félagsráðgjöf.
12. Biðlistum eftir þjónustu fyrir börn s.s. hjá BUGL, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, þroska- og hegðunarstöð, talmeinafræðingum og bið eftir geðrænni þjónustu hjá heilsugæslu verði útrýmt.



13. Börn sem eiga foreldra með geðrænan vanda, fíknivanda og eða langvinna líkamlega sjúkdóma fái aukinn stuðning við hæfi frá nærsamfélaginu með samvinnu skóla, heilsugæslu, þjónustumiðstöðva og barnaverndar. Stuðningur komi meira heim.
14. Sérstök áhersla verði lögð á þau landssvæði sem verða mest fyrir barðinu á faraldrinum þegar mótvægisáðgerðir eru útfærðar.

Tillögurnar voru sendar til félags- og barnamálaráðherra, heilbrigðisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga með beiðni um áframsendingu til sveitarfélaga.

**Fundur fulltrúa Velferðarvaktarinnar með velferðarnefnd Alþingis 30. nóvember 2020**

Þann 30. nóvember 2020 kallaði velferðarnefnd Alþingis fulltrúa Velferðarvaktarinnar ásamt fulltrúum lögreglunnar á Suðurnesjum og félagsmálafulltrúum sveitarfélaga á Suðurnesjum til fjarfundar til að ræða stöðuna á Suðurnesjum vegna Covid-19 heimsfaraldursins. Fulltrúar Velferðarvaktarinnar á fundinum voru Siv Friðleifsdóttir, formaður, Salbjörg Bjarnadóttir, formaður barnahóps Velferðarvaktar, Vilborg Oddsdóttir, formaður sárafátæktafélags Velferðarvaktar og Lovísa Lilliendahl, sérfræðingur í félagsmálaráðuneytinu. Fóru þær yfir upplýsingar sem fram komu á fundi Velferðarvaktarinnar með Suðurnesjamönnum í júní og með sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjanessbæjar, Heru Ósk Einarsdóttur, í október ásamt öðrum upplýsingum sem vaktin býr yfir um stöðu mála á svæðinu.

### 3. Fundir Velferðarvaktarinnar 2019-2020

Velferðarvaktin hélt 17 almenna fundi fyrir alla fulltrúa á tímabilinu, 7 árið 2019 og 10 árið 2020. Þar að auki funduðu undirhópar Velferðarvaktarinnar þ.e. sárafátæktarhópurinn, undir forystu Vilborgar Oddsdóttur og barnahópurinn, undir forystu Salbjargar Bjarnadóttur, eftir þörfum. Velferðarvaktin fundar að jafnaði á 6 vikna fresti í 2-3 klukkustundir í senn. Vaktin hefur á hverjum tíma fengið til sín fjölbreyttan hóp gesta í þeim tilgangi að varpa frekara ljósi á þau málefni sem hafa verið til skoðunar. Þá hafa fulltrúar kynnt það starf sem fram fer í baklandi þeirra.

Fundir eru oftast haldnir í húsnæði félagsmálaráðuneytis í Skógarhlíð 6, en stöku sinnum í baklandi fulltrúa í vaktinni. Vegna sóttvarna færðust allir fundir Velferðarvaktarinnar og undirhópa hennar árið 2020 yfir á netið frá og með fundi vaktarinnar 22. apríl 2020, fyrir utan fund vaktarinnar á Suðurnesjum þann 19. júní. Þá voru fundir haldnir tíðar en ella á fyrri hluta árs 2020 til að mæta auknu álagi og upplýsingaþörf vegna Covid-19. Reynslan af netfundum er frekar góð og auðvelt hefur reynst að ná gestum á slíka fundi s.s. ráðherra og öðru forystufólki. Þá hefur almenn mæting fulltrúa verið góð. Það sem helst er erfiðara á netfundum miðað við hefðbundnara form er að á netfundum er erfiðara að ná fram snarpri umræðu í svo fjölmennum hópi.

#### Fundir í Velferðarvaktinni 2019-2020

##### Fundur 1. desember 2020 (45. fundur) – fjarfundur

Formaður hóf fundinn á að bjóða fulltrúa Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur, Önnu Pétursdóttur, velkomna í Velferðarvaktina. Formaður upplýsti einnig um fund sem fulltrúar Velferðarvaktarinnar áttu með velferðarnefnd Alþingis um stöðuna á Suðurnesjum, en Covid-19 faraldurinn hefur komið illa niður á svæðinu og Velferðarvaktin hefur fylgst með gangi mála þar sl. mánuði.

##### **1. Samtal við Svandísi Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra**

Svandísi Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra, ræddi við fulltrúa vaktarinnar um stöðuna í Covid-19. Hún var einnig spurð út í stöðuna á tillögum Velferðarvaktarinnar um skólaforðun frá mars 2019. Spurt var sérstaklega út í eftirfarandi tillögur:

- Að sett verði af stað vinna með það að markmiði að fyrirbyggja skólaforðun og koma til móts við þau börn sem glíma við hana með auknum beinum stuðningi, úrræðum og forvörnum innan skólanna í samstarfi skóla-, heilbrigðis- og félagsþjónustu.
- Aðgengi framhaldsskólanema að geðheilbrigðisþjónustu og félagsráðgjöf verði bætt.

Í því samhengi var spurt hvort tillögur starfshóps um innleiðingu geðræktarstarfs, forvarna og stuðnings við börn og ungmenni í leik- grunn- og framhaldsskólum yrðu innleiddar.

Ráðherra ræddi almennt um Covid-19, stöðuna og aðgerðir stjórnvalda, og tók fram að í þeim efnum hefði verið horft sérstaklega til hagsmuna barna.

Varðandi skólaforðun ræddi ráðherra um að mikilvægt væri að beina sjónum að jaðarsettum hópum, þótt skólaforðun beindist ekki eingöngu að tilteknum hópum. Ráðherra sagði að skólinn gegndi mikilvægu hlutverki í þessum efnum, einkum skólahjúkrunarfræðingar. Leggja þurfi meiri áherslu á forvarnir og geðrækt. Skólinn eigi

að vera griðastaður fyrir börn og mikilvægt að þar séu allir vakandi fyrir mismunandi aðstæðum barna.

Varðandi bætt aðgengi framhaldsskólanema að geðheilbrigðisþjónustu og félagsráðgjöf upplýsti ráðherra að heilbrigðisráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið hefðu unnið saman að þessu m.a. í samstarfi við Samband íslenskra framhaldsskólanema. Ráðherra vísaði í könnun sem gerð var meðal framhaldsskólanema þar sem fram kom að í sumum framhaldsskólum stæði sálfræðiþjónusta til boða. Hinsvegar stendur framhaldsskólanemum, eins og öðrum, til boða sálfræðiþjónusta á heilsugæslum um land allt, en í könnuninni kom fram að nemendur væru almennt ekki meðvitaðir um aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu og verður bætt úr upplýsingagjöf til framhaldsskólanema um aðgengi að þjónustu.

Fram kom að Þróunarmiðstöð heilsugæslu skimaði fyrir kvíða og þunglyndi hjá grunnskólabörnum. Rætt var hvort teygja mætti þetta miðlæga hlutverk Þróunarmiðstöðvar upp í framhaldsskóla. Einnig kom fram að fyrir hrun hefði verið rætt um að setja hjúkrunarfræðinga inn í alla framhaldsskóla – það mætti skoða að nýju.

Spurt var hvort áform væru um að bæta öðrum fagstéttum inn í heilsugæsluna s.s. félagsráðgjöfum, iðjuþjálfum o.fl. Ráðherra sagðist hafa hvatt forstjóra heilbrigðisstofnana til þess að gera slíkt.

### **Skýrsla um innleiðingu geðræktarstarfs í leik-, grunn- og framhaldsskólum**

Ráðherra upplýsti að óskað hefði verið eftir tilnefningum í stýrihóp sem fylgja á eftir innleiðingu. Embætti landlæknis ber ábyrgð á því verkefni. Einnig leiðir Embætti landlæknis hóp um skimun, hegðun og félagsfærni í grunnskólum.

Annað sem kom til umræðu voru biðlistamál, heilsa og líðan eldri borgara.

### **2. Félagsleg heilsa aldraðra og einmanaleiki**

Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, sálfræðingur og sviðsstjóri á lýðheilsusviði hjá Embætti landlæknis, var með erindi um félagslega heilsu aldraðra og einmanaleika.

### **3. Tillögur Velferðarvaktarinnar á tímum Covid-19**

Samþykkt var að beina því til stjórnvalda, bæði ríkis og sveitarfélaga, að hafa eftirfarandi áherslur að leiðarljósi í þeim mótvægisáðgerðum sem fram undan eru vegna Covid-19:

1. Stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög, vinni stefnumótun og aðgerðaáætlun gegn fátækt efnalítilla barnafjölskyldna, þ.a. afleiðingar faraldursins verði sem minnstar á börn og ungmenni. Hafa má norsku stefnuna gegn barnafátækt, *Like muligheter i oppveksten – Regjeringens samarbeidsstrategi for barn og ungdom i lavinntektsfamilier 2020-2023*, til hliðsjónar. Reykjavíkurborg hefur nú þegar hafið slíka vinnu undir *fyrirsögninni Aðgerðaáætlun stýrihóps velferðarsviðs um aðgerðir gegn sárafátækt barna og fjölskyldna þeirra – október 2020*.
2. Hafin verið endurskoðun á lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem skýrslan *Framkvæmd fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga – virkni og valdefling* frá 2019 verði höfð til hliðsjónar. Þar er m.a. lagt til að skilgreind verði grunnfjárhæð til framfærslu og að heimildargreiðslur verði samræmdar milli sveitarfélaga.
3. Biðtími eftir afgreiðslu atvinnuleysisbóta, endurhæfingarlífeyris og örorkulífeyris er of langur og hefur lengst m.a. vegna aukins álags hjá þeim stofnunum sem að máli koma, innlendum sem erlendum. Kannaðir verði möguleikar á að veita lán frá stofnun þar sem biðtími er, þ.a. fólk verði ekki tekjulaust á biðtíma. Láni verði breytti í styrk ef réttur til bóta er fyrir hendi að biðtíma loknum.

4. Unnið verði að því að sporna gegn félagslegri einangrun og einmanaleika aldraðra sem orðið hefur vegna Covid-19. Eldri borgarar hafa víða þurft að þola skerta samveru og félagslega einangrun m.a. vegna sóttkvíar og innlokunar. Því er mikilvægt að leggja aukna áherslu á frístundaiðkun, geðrækt, hreyfingu og forvarnir sem auka lífsgæði þeirra og draga úr einmanaleika
5. Aðgengi fólks að upplýsingagjöf um réttindi þess í velferðarþjónustu verði bætt.
6. Hámarksgreiðslur barnabóta, sem nýtast einstæðum foreldrum og tekjulægsta hópnum, verði hækkaðar.
7. Hagur öryrkja og barna þeirra verði bættur.
8. Niðurgreiðslur vegna íþrótta- og tómstundastarfs barna sem búa við fjárhagsþrengingar verði auknar.
9. Börnum sem búa við fjárhagsþrengingar verði tryggðar ókeypis skólamáltíðir.
10. Skólastjórnendur sjái til þess að aðgengi að viðeigandi tölvubúnaði hamli ekki námi barna.
11. Unnið verði markvisst að því að draga úr brotthvarf úr námi m.a. með auknu aðgengi að skólaheilsugæslu, geðheilbrigðisþjónustu og félagsráðgjöf.
12. Biðlistum eftir þjónustu fyrir börn s.s. hjá BUGL, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Proska- og hegðunarstöð, talmeinafræðingum og bið eftir geðrænni þjónustu hjá heilsugæslu verði útrýmt.
13. Börn sem eiga foreldra með geðrænan vanda, fíknivanda og eða langvinna líkamlega sjúkdóma fái aukinn stuðning við hæfi frá nærsamfélaginu með samvinnu skóla, heilsugæslu, þjónustumiðstöðva og barnaverndar. Stuðningur komi meira heim.
14. Sérstök áhersla verði lögð á þau landssvæði sem verða mest fyrir barðinu á faraldrinum þegar mótvægisáðgerðir eru útfærðar.

Tillögurnar verða sendar á félags- og barnamálaráðherra, heilbrigðisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

#### **4. Rannsókn Félagsvísindastofnunar á fyrirkomulagi matarúthlutana**

Ásdís A. Arnalds verkefnastjóri hóf kynningu á helstu niðurstöðum rannsóknar Félagsvísindastofnunar sem framkvæmd var fyrir félagsmálaráðuneytið og Velferðarvaktina um fyrirkomulag matarúthlutana og ráðgjafar þar sem meðal annars var kortlagt, í samvinnu við hjálparsamtök, notendur og félagsþjónustu, hvaða hópar eru að sækja þjónustu og hverjir þeirra búa við sérstaklega erfiðar aðstæður. Vegna tæknilegra örðugleika þurfti að slíta fundi fyrr en áætlað var. Ásdís mun koma aftur á næsta fund vaktarinnar með kynninguna.

#### **Fundur 3. nóvember 2020 (44. fundur) – fjárfundur**

**1. Skólastarf barna í grunnskólum með tilliti til nýjustu sóttvarnareglna vegna Covid-19**  
Þorsteinn Sæberg, formaður Skólastjórafélags Íslands, ræddi um skólastarf barna í grunnskólum með tilliti til nýjustu sóttvarnareglna vegna Covid-19. Eftirfarandi kom m.a. fram í máli Þorsteins:

- Með bæði skýrari reglugerð, sem nú er til staðar, ásamt reynslu af því að ganga í gegnum fyrstu bylgju veirunnar gengur betur að halda skólaskrifstofum gangandi upp að því marki sem hægt er.
- Mun færri börn eru heima núna en á vormánuðum. Í fyrri bylgju var talsvert um að börnum af erlendum uppruna væri haldið heima við þar sem foreldrar mótuðu gjarnan hegðun sína eftir heimalandi sínu. Skólaskrifstofur eru að koma betri og markvissari skilaboðum á framfæri.
- Huga þarf sérstaklega að nemendum sem eru í hættu á að einangrast eða eru með undirliggjandi vanda. Þá hafa verið áhyggjur af því að minna tækifæri gefist fyrir starfsfólk skólanna að vera vakandi fyrir vanlíðan barna sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður.

## 2. Fréttir af uppbyggingarteymi félags- og atvinnumála vegna Covid-19

Tryggvi Haraldsson, sérfræðingur í félagsmálaráðuneytinu og starfsmaður uppbyggingarteymis félags- og atvinnumála vegna Covid-19, fór yfir nýjustu störf uppbyggingarteymisins. Þegar er búið að gefa út sex stöðuskýrslur og von er á þeirri næstu í vikunni. Sveitarfélög hafa upplýst að núna í þriðju bylgju veirunnar séu þau almennt betur í stakk búin hvað varðar verklar og vinnuferla til þess að geta brugðist við auknu álagi í þjónustunni. Hins vegar eru áskoranir aðrar en í fyrri bylgjum en álag hefur aukist mikið og vandi fólks að þyngjast. Bent hefur verið á að líta þurfi sérstaklega til málefna barna, langveikra barna og framhaldsskólanema með fötlun. Í næstu stöðuskýrslu verður skoðaður fjöldi þeirra sem er að ljúka bótarétti hjá Vinnuálastofnun og hvert sá hópur fer en gera má ráð fyrir að hluti hans fari á fjárhagsaðstoð. Tryggvi minnti á netfangið vidbragd@frn.is fyrir ábendingar til teymisins.

## 3. Aðgerðateymi gegn ofbeldi

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra og Sigríður Björk Guðjónsdóttir ríkislögreglustjóri sögðu frá verkefnum sem undanfarna mánuði hafa komið til framkvæmda á vegum aðgerðateymis gegn ofbeldi sem dómsmálaráðherra og félags- og barnamálaráðherra skipuðu í byrjun sumars í þeim tilgangi að stýra og samræma vinnu við útfærslu aðgerða gegn ofbeldi á tímum efnahagsþrenginga og áfalla. Aðgerðirnar miða sérstaklega að viðkvæmum hópum, þar með talið börnum, konum af erlendum uppruna, öldruðum og fötluðu fólki, sem reynslan hefur sýnt að eru í meiri hættu en aðrir á að verða fyrir ofbeldi.

Aðgerðateymið skipa Sigríður Björk og Eygló Harðardóttir en við undirbúning aðgerða hefur verið haft víðtækt samráð við opinbera aðila, stofnanir, hagsmunasamtök, frjáls félagasamtök, fræðasamfélagið og fleiri aðila. Hér má sjá tillögur aðgerðateymisins sem samþykktar hafa verið af fyrrnefndum ráðherrum og komnar eru til framkvæmda.

### Aðgerðatillögur – júlí

### Aðgerðatillögur – október

Fleiri aðgerðir eru í undirbúningi sem kynntar verða á næstunni en starfstími aðgerðateymisins er til janúarloka 2021 og skilar teymið þá samantekt á aðgerðum og árangri af vinnu sinni.

## 4. Örkynningar úr baklandinu

**Samtök um kvennaathvarf** – Sigprúður Guðmundsdóttir sagði stuttlega frá stöðunni. Fjöldi dvalarkvenna hefur verið nokkuð jafn undanfarið. Hlutfall erlendra kvenna hefur hækkað. Konurnar dvelja alla jafna skemur í athvarfinu sem skýrist m.a. af auknu framboði á húsnæði. Verið er að bæta aðgengi að athvarfinu svo hægt sé að taka á móti

konum með hreyfihömlun. Þá er nýtt áfangaheimili í byggingu sem tekið verður í notkun næsta sumar.

**Hjálparstarf kirkjunnar** – Vilborg Oddsdóttir sagði frá helstu verkefnum um þessar mundir. Það hefur reynst samtökunum mikil áskorun að halda úti starfsemi á þessum erfiðu tímum en gengur þó ágætlega. Aðstæður eru öðruvísi en í hruninu þegar mikil reiði var meðal fólks en kórónaveirufaraldurinn hefur haft öðruvísi áhrif, fólk er óttaslegið og lifir í mikilli óvissu.

**Fjölskylduhjálp Íslands** – Ásgerður Jóna Flosadóttir sagði frá því að mikið væri að gera hjá samtökunum og eftirspurn eftir matargjöfum mikil og færi vaxandi í aðdraganda jóla. Gert væri ráð fyrir fleiri úthlutunardögum í nóvember.

**Hjálpræðisherinn** – Hjördís Kristinsdóttir sagði frá því að samtökin væru nú loks að flytja í nýtt húsnæði sem býður upp á mun betri aðstöðu m.a. til þess að bjóða upp á heitar máltíðir í hádeginu. Einnig er gert ráð fyrir baðaðstöðu fyrir þá sem á þurfa að halda o.s.frv. Jólaundirbúningur fer einnig að hefjast en Hjálpræðisherinn hefur undanfarin ár tekið á móti allt að 300 einstaklingum í jólamat. Samtökin verða vör við mikinn kvíða og einsemd meðal fólks um þessar mundir.

**Tryggingastofnun Ríkisins** – Sigrún Jónsdóttir sagði frá því helsta í starfseminni um þessar mundir en stofnunin afgreiðir árlega 40-50 þúsundir umsóknir. Sigrún upplýsti að fyrir stuttu hefði verið kynntur sérstakur félagslegur viðbótarstuðningur við aldraða, sjá nánar [hér](#). Þar sem þjónustumiðstöðin er lokuð um þessar mundir hefur verið mikil aukning í rafrænni þjónustu.

## 5. Önnur mál

- Unnið er að tillögum Velferðarvaktarinnar til stjórnvalda um leiðarljós á tímum Covid-19 faraldursins, sem lúta einkum að þeim hópum sem standa höllum fæti í samfélaginu. Þær verða kynntar á næstunni.
- Næsti fundur verður haldinn 1. desember. Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra verður gestur fundarins.

## Fundur 6. október 2020 (43. fundur) – fjarfundur

### 1. Staða mála vegna Covid-19

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, fór stuttlega yfir stöðu mála vegna Covid-19. Ráðherra ræddi meðal annars um að enn og aftur gegndi samvinnuvettvangur Velferðarvaktarinnar mikilvægu hlutverki þegar kemur að því að bregðast við áhrifum og afleiðingum Covid-19. Ráðherra þakkaði vel fyrir allar upplýsingar og ábendingar sem borist hefðu frá aðilum í vaktinni, þær hefðu vissulega skilað sér í aðgerðum stjórnvalda, og hvatti til að haldið yrði áfram uppteknum hætti í ljósi núverandi aðstæðna.

### 2. Skýrsla um skýrslu um brotthvarf og námstafir á framhaldsskólastigi

Kolbeinn Stefánsson, félagsfræðingur og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, sérfræðingur á skrifstofu mennta- og vísindamála í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, kynntu fyrstu drög að skýrslu um brotthvarf og námstafir á framhaldsskólastigi. Sérstaða rannsóknarinnar er einkum sú að hingað til hefur einungis verið horft til einstaklingabundinna þátta þegar kemur að brotthvarfi en hér væri horft til félagslegrar stöðu og efnahagslegs bakgrunns. Fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að lægri ráðstöfunartekjur heimilanna auki líkur á brotthvarfi nemenda. Einnig getur verið um að ræða samspil við ákveðna

félagslega þætti s.s. menntun foreldra, hvort viðkomandi búi hjá einstæðu foreldri, foreldri sé með örorkumat o.s.frv. Gert er ráð fyrir að skýrslan verði tilbúin í nóvember.

### 3. Aðgerðir mennta- og menningarmálaráðuneytisins varðandi tillögur

**Velferðarvaktarinnar um skólasókn, skólaforðun og jafnt aðgengi að námi og þjónustu** Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, þakkaði Velferðarvaktinni fyrir þann áhuga og frumkvæði sem hún hefði sýnt þegar kemur að menntamálum. Í framhaldinu kynnti ráðherra aðgerðir á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem m.a. er ætlað að bregðast við tillögum sem Velferðarvaktin lagði fram í mars 2019 í kjölfar könnunar á skólasókn og skólaforðun.

Þá ræddi ráðherra um að viðbrögð við Covid-19 væri mikil áskorun fyrir skólakerfið og mikilvægt væri að skólarnir geti brugðist hratt við mismunandi aðstæðum og þörfum nemenda á þessum tímum svo koma megi í veg fyrir að þeir lendi í brothættum hópi þar sem auknar líkur eru á brotthvarfi.

### 4. Staðan í uppbyggingarteymi félags- og atvinnumála vegna Covid-19

Gissur Pétursson, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu og formaður teymisins, fór yfir nýjustu störf teymisins. Í síðustu skýrslu var lögð áhersla á málefni innflytjenda og í kjölfarið var lögð fram tillaga á ríkisstjórnarfundi um að Þróunarsjóður innflytjendamála verði styrktur um 25 m.kr. Slíkt er í anda Velferðarvaktarinnar sem lagði fram tillögu árið 2017 um að sjóðurinn yrði eflur. Efni næsta fundar teymisins verður fátækt og óskaði Gissur eftir upplýsingum og ábendingum varðandi það viðfangsefni frá baklandi Velferðarvaktarinnar í gegnum netfangið [vidragd@frn.is](mailto:vidragd@frn.is). Nánar um teymið.

### 5. Áskoranir á Suðurnesjum

Hera Ósk Einarisdóttur, sviðsstjóri velferðarsviðs í Reykjanesbæ, sagði frá stöðu mála í Reykjanesbæ en sl. sumar hélt Velferðarvaktin fund á Suðurnesjum í þeim tilgangi að fá yfirlit yfir helstu áskoranir á svæðinu í kjölfar Covid-19 og heyra hvernig heimamenn töldu að staðan yrði í haust og vetur.

Hera upplýsti að atvinnuleysi færi vaxandi á svæðinu, en það er nú 20%, og umsóknnum um fjárhagsaðstoð hefði fjölgað þar sem margir væru búnir að missa bótarétt sinn eftir að hafa misst vinnuna í kjölfar bylgju faraldursins. Þá hefur flóttafólki, sem ekki hefur komist inn á vinnumarkaðinn, fjölgað. Fram kom að sveitarfélagið væri að kanna hvort svigrúm væri til þess að hækka upphæð fjárhagsaðstoðar.

Gert er ráð fyrir að þessi staða muni vara fram á næsta ár og hefur Reykjanesbær gripið til ýmissa aðgerða til þess að bregðast við stöðunni t.d. með því að bjóða upp á virkniúrræði sem miða einkum að ungu fólki og fólki af erlendum uppruna. Einnig eru farin af stað ýmis samstarfsverkefni við opinbera aðila t.d. Vinnumálstofnun og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Þá var nýverið hrint af stað samfélagsverkefninu „Allir með“ sem á með fjölbreyttum hætti að stuðla að jöfnum tækifærum barna til þess að tilheyra samfélaginu.

Velferðarvaktin mun áfram fylgjast með þróun mála á svæðinu.

### 6. Örkyngingar úr baklandinu

- **Umboðsmaður skuldara** – Ásta B. Helgadóttir, Umboðsmaður skuldara, upplýsti um stöðuna þar en stofnunin hefur enn sem komið er ekki fundið fyrir aukningu umsókna til UMS. Stjórnvöld og fjármálafyrirtæki hafi gripið til úrræða sem eru að koma til móts við þá sem á þurfa að halda. Vanskilahlutfall hefur lækkað og innlán aukist, sem tengja má við útgreiðslu á séreignarsparnaði. Það ríkir hins vegar mikil óvissa um framhaldið.

Skjólstæðingar eru fyrst og fremst fólk á leigumarkaði, fólk á örorku og fólk í láglaunastörfum.

- **Vinnumálastofnun** – Hrafnhildur Tómasdóttir, sviðsstjóri ráðgjafar- og vinnumiðlunarsviðs VMST, kynnti stöðu og horfur á vinnumarkaði í september 2020 og aðgerðir framundan.

## 7. Önnur mál

- Upplýst var um fund sárafátæktarhóps Velferðarvaktarinnar þann 24. september sl. sem fjallaði um tekjumissi sem einstaklingar geta orðið fyrir á meðan beðið er eftir afgreiðslu umsókna um atvinnuleysisbætur, fjárhagsaðstoð, örorkumats o.s.frv.
- Næsti fundur Velferðarvaktarinnar verður 3. nóvember á Zoom. Gert er ráð fyrir að heilbrigðisráðherra verði gestur á þeim fundi.

### **Fundur 1. september 2020 (42. fundur) – fjárfundur**

Formaður hóf fundinn á að bjóða nokkra nýja fulltrúa velkomna í vaktina.

#### **1. Kynning á starfi uppbyggingarteymis félags- og atvinnumála vegna Covid-19**

Gissur Pétursson, ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytis og formaður uppbyggingarteymis, upplýsti um nýjstu stöðuskýrsluna og starf teymis frá síðustu kynningu. Haldnir hafa verið 6 fundir og gefnar út 4 stöðuskýrslur. Markmiðið með starfi teymisins og skýrslunum er að hafa til staðar nýjar og uppfærðar upplýsingar um áhrif Covid-19, mat á aðgerðum sem gripið hefur verið til á vegum stjórnvalda, einkum þegar kemur að félags- og atvinnumálum og efnahagi heimilanna. Staða innflytjenda og flóttafólks verður tekin sérstaklega fyrir í næstu skýrslu en stór hópur fólks af erlendum uppruna er atvinnulaus, fólk á takmörkuð réttindi og fjölmargir leita nú til hjálparsamtaka eftir stuðningi, svo rík ástæða þykir til að skoða betur stöðu þessa hóps í þessu samhengi.

Gissur mun upplýsa Velferðarvaktina um stöðuna reglulega í vetur og minnti að lokum á netfangið [vidbragd@frn.is](mailto:vidbragd@frn.is) þar sem koma má upplýsingum, athugasemdum o.fl. á framfæri til uppbyggingarteymisins.

#### **2. Samvinnuverkefni þjónustukerfanna (4DX)**

Klara Baldursdóttir Briem, lögfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, kynnti samstarfsverkefni Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Tryggingastofnunar ríkisins, velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Vinnumálastofnunar og VIRK starfsendurhæfingarsjóðs um innleiðingu árangurskerfis sem nefnist *The 4 Disciplines of Execution* (4DX).

Ákvörðun um að hefja þetta samstarfsverkefni var m.a. tekin til að bregðast við ákalli í skýrslu Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, sem framkvæmdi rannsókn á stöðu ungs fólks (18-39 ára) með örorku- eða endurhæfingarlífeyri, um aukna samvinnu ólíkra þjónustukerfa sem koma að þjónustu við einstaklinga með fjölþættan vanda í því skyni að fá betri yfirsýn yfir þá þjónustu sem einstaklingurinn er að fá og að umrædd þjónusta sé samþætt. Markmiðið er að þjónustukerfin hafi sameiginlega stefnu og framtíðarsýn sem miði að því að bæta lífsgæði fólks með skerta starfsgetu og stuðli þannig að innleiðingu stefnu stjórnvalda.

Verkefnið heldur áfram í vetur og er markmiðið að auka enn frekar þátt starfsendurhæfingar hjá ungu fólki og mæta áhrifum Covid-faraldursins fyrr en gert var



eftir hrun. Þá er Hagstofan um þessar mundir að framkvæma afdrifakönnun þar sem afdrif einstaklinga sem hafa á síðastliðnum fimm árum fengið synjun á örorku könnuð.

### 3. Samráð vegna skýrslu um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi

Sunna Diðriksdóttir, fulltrúi dómsmálaráðuneytis í Velferðarvaktinni, kynnti vinnu sem er að hefjast við skrif á skýrslu til Sameinuðu þjóðanna (SP) vegna samnings SP um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Inni á [samráðsgátt](#) er nú kallað eftir tillögum og ábendingum frá hagsmunaaðilum um atriði sem leggja ætti áherslu á við gerð skýrslunnar. [Sjá nánar hér](#).

Þá er hafinn undirbúningur fyrir þriðju allsherjarúttekt Sameinuðu þjóðanna á stöðu mannréttindamála (UPR) hér á landi og er einnig óskað eftir tillögum og ábendingum varðandi áherslur. [Sjá nánar hér](#).

### 4. Samráðsfundur um áframhaldandi aðgerðir vegna Covid-19

Ásthildur Knútsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðisráðuneytinu, kynnti niðurstöður samráðsfundarins „*Að lifa með veirunni*“ sem heilbrigðisráðherra, í samvinnu við forsætis- og dómsmálaráðuneytið, efndi til þann 20. ágúst sl. Markmiðið með fundinum var að stilla saman strengi og móta áherslur og leiðarljós sem geti nýst í áframhaldandi vinnu við mótun aðgerða vegna Covid-19 á næstu misserum, í ljósi þess að áhrifa veirunnar komi til með að gæta í samfélaginu um óákveðinn tíma.

## 5. Önnur mál

- Mataraðstoð.** Upplýst var um fyrirhugað málþing um mataraðstoð síðar í haust. Þar verði m.a. tekinn upp þráðurinn frá morgunverðarfundum um sama viðfangsefni á vegum Pepp-Ísland, í samstarfi við Velferðarvaktina, haustið 2016.

Þá hyggst félagsmálaráðuneytið, í samvinnu við Velferðarvaktina, fela Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að gera rannsókn á fyrirkomulagi matarúthlutana þar sem meðal annars verði kortlagt, í samvinnu við félagsþjónustu, hjálparsamtök og aðra fagaðila, hvaða hópar sækja þjónustu á borð við matarúthlutanir og ráðgjöf, og hverjir þeirra búa við sérstaklega erfiðar aðstæður. Gert er ráð fyrir að rannsóknin verði framkvæmd með haustinu. Vísað var til skýrslunnar [Matarúthlutanir hjálparstofnana frá árinu 2010](#).
- Vorráðstefna Greiningar- og ráðgjafarstöðvar.** Formaður mun kynna rannsókn á skólaforðun sem Velferðarvaktin fól Maskínu að framkvæma á síðasta ári. Upplýst var um að mennta- og menningarmálaráðherra hefði nú sett af stað vinnuhóp sem m.a. skal skilgreina þarfir skólasamfélagsins fyrir miðlægt skráningarkerfi grunnskólanemenda. Hópurinn mun m.a. skoða hversu umfangsmikið skráningarkerfið skuli vera, til að mynda hvort skrá skuli skólasókn, fjarvistir og aðrar ástæður þeirra, upplýsingar um skólasókn íslenskra grunnskólabarna erlendis og upplýsingar um fjölda sérkennslustunda. Einnig er hafin endurskoðun á 16. kafla aðalnámskrár grunnskólans, sem er kaflinn um undanþágur frá m.a. skólasókn.
- Suðurnes.** Ákveðið var að á næsta fundi yrði fundi vaktarinnar á Suðurnesjum í júní sl. fylgt eftir og kannað hvernig mál hafa þróast.
- Fundir vaktarinnar.** Ákveðið var að bóka 3 fundi fram að áramótum, sem gert er ráð fyrir að verði í fjarfundarformi, 6. október, 3. nóvember og 1. desember. Undirhóparnir munu funda þess á milli eftir því sem þörf krefur. Þá var lagt til að á hverjum fundi yrði afmörkuðum tíma varið í fréttir úr baklandinu. Einnig gefst fulltrúum tækifæri á að vera með kynningu á verkefnum sem þeir koma að.

**Fundur 19. júní 2020 (41. fundur) – Hljómahöllinni, Reykjanesbæ**

Þann 19. júní sótti Velferðarvaktin Suðurnesin heim og fundaði með heimamönnum í Hljómahöllinni. Tilgangur fundarins var að fá yfirlit yfir helstu áskoranir á svæðinu í kjölfar Covid-19 og heyra hvernig heimamenn telja að staðan verði í haust og vetur. Um 50 manns sóttu fundinn. Fundarstjóri var Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, verkefnastjóri fjölmeningarmála í Reykjanesbæ.

Dagskrá var eftirfarandi:

- Almenn opnun á fundinum, Magnús Stefánsson, bæjarstjóri Suðurnesjabæjar.
- Samfélagið á Suðurnesjum, Hera Ósk Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.
- Vinnuálastofnun Suðurnesja, Hildur Jakobína Gísladóttir, forstöðumaður.
- Sveitarfélögin:

***Félagspjónusta**, María Rós Skúladóttir, deildarstjóri félagspjónustu*

*Suðurnesjabæjar.*

***Barnavernd**, María Gunnarsdóttir, forstöðumaður Barnaverndar*

*Reykjanesbæjar.*

***Skólarnir og skólaþjónusta**, Sigrún Pétursdóttir, ráðgjafi hjá félagspjónustu-  
og fræðsluviði Grindavíkur.*

- VIRK starfsendurhæfingarsjóður á Suðurnesjum, Eysteinn Eyjólfsson, verkefnastjóri almannatengsla og útgáfu.
- Velferðarsjóður Suðurnesja/kirkjurnar á Suðurnesjum, Vilborg Oddsdóttir, Hjálparstarf kirkjunnar.
- Fjölskylduhjálpar Íslands á Suðurnesjum, Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður FÍ.
- Rauði krossinn. Fanney Grétarsdóttir, deildarstjóri Rauða krossins á Suðurnesjum.
- Lögreglan, Bjarney Sólveig Annelsdóttir, yfirlögregluþjónn við embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum og Alda Hrönn Jóhannesdóttir, yfirlögfræðingur embættisins.
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Þórunn Finnsdóttir, yfirsálfræðingur hjá HSS og Andrea Hauksdóttir, yfirhjúkrunarfræðingur heilsugæslunnar.
- Samantekt, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, verkefnastjóri fjölmeningarmála hjá Reykjanesbæ.
- Umræður.

Á fundinum komu fram áhugaverðar upplýsingar um stöðuna. Heimamenn drógu m.a. fram að nú væri samfélagið á vissan hátt betur undirbúið til að takast á við áföll heldur en í kjölfar efnahagshrunsins sem átti sér stað árið 2008. Helsti munurinn er sá að nú er hægt að grípa hratt til þeirrar dýrmætu reynslu sem varð til í kringum efnahagshrunið um hvað virki og hvað ekki. Þá er til mun betri tölfræði um stöðuna á svæðinu nú en þá. Áskoranir eru fjölmargar vegna afleiðinga Covid-19. Atvinnuleysi á Suðurnesjum var 19,6% í maí m.a. vegna þess hve svæðið er háð flugrekstri og ferðaþjónustu. Búast má við að atvinnuleysi aukist í september ef ekki verður viðsnúningur í flugrekstri. Þá má búast við að fleiri fái fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélaganna með haustinu. Einnig eru áhyggjur af því að tekjutap foreldra geti valdið því að þeir kaupi minni þjónustu fyrir

börnin s.s. skólamáltíðir, leikskólavistun og íþrótt- og tómstundastarf. Tilkynningar vegna barnaverndarmála hafa aukist sem og biðlistar vegna ýmiss konar þjónustu s.s. sálfræðiþjónustu og úrlausn mála hjá Vinnumálastofnun.

Gripið hefur verið til fjölmargra aðgerða og samstarfsverkefna meðal lykilaðila á svæðinu til að takast á við stöðuna í kjölfar Covid-19. Meðal þeirra eru:

- Suðurnesjahópur, samráðshópur forvarnaaðgerða í kjölfar Covid-19 (lögreglan, Reykjanesbær, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum).
- Ævintýrasmiðjurnar fyrir fötluð börn og ungmenni.
- Skapandi sumarnámskeið fyrir börn á Ásbrú.
- Dregið úr sumarlokunum, s.s. í athvarfi og iðju í Björginni og Hæfingarstöðinni og félagsstarfi aldraðra.
- Hópur um atvinnumál fólks af erlendum uppruna.
- Hópur um nýsköpun.
- Ýmis verkefni á vegum Vinnumálastofnunar s.s. starfstengd námskeið/fræðsla/nám, starfsþjálfunarsamningar, mentor verkefni, markþjálfun og *Nám er vinnandi vegur 2*.
- Sumarátakið *Vinum saman*, sem er samstarf vinnuskóla Reykjanesbæjar, fræðsluviðs og Lögreglustjórans á Suðurnesjum.
- Eftirfylgni á vegum skólanna þar sem m.a. námsráðgjafar hafa haldið sérstaklega utan um nemendur í brotthvarfshættu til að halda sem flestum í virkni.
- Þá hafa ýmis verkefni, sem fóru af stað fyrir Covid-19, reynst vel s.s. verkefni á sviði barnaverndar eins og *Ábyrg saman í Reykjanesbæ*, í samstarfi við Lögreglustjóran á Suðurnesjum og tilraunaverkefnið *Fjölskylduheimili í Reykjanesbæ*.

Hugur var í heimamönnum sem sinna velferðarþjónustu á Suðurnesjum og fluttu erindi á fundinum. Sá hugur kom m.a. fram í lokaorðum eins fyrirlesarans: áskoranir eru tækifæri, brúum bilið, byggjum brýr, skiljum engan eftir.

Áður en fundi var slitið þakkaði formaður Velferðarvaktarinnar heimamönnum fyrir vandaðan undirbúning fundarins og góðar móttökur Suðurnesjamanna.

Að fundi loknum var farið í heimsókn í frumkvöðlafyrirtækið Aðaltorg sem m.a. hefur byggt Marriot hótél með nýrri byggingartækni og bíður með fullmótað atvinnutækifæri í því húsnæði. Ingvar Eyfjörð, framkvæmdastjóri Aðaltorgs, kynnti starfsemina.

## **Fundur 27. maí 2020 (40. fundur) – fjarfundur**

### **Gestir fundarins**

Gissur Pétursson, Erna Kristín Blöndal, Tryggvi Haraldsson og Grétar Theódórsson frá félagsmálaráðuneytinu.

### **1. Heimsókn Velferðarvaktarinnar á Suðurnes**

Formaður upplýsti um fyrirhugaðan fund Velferðarvaktarinnar á Suðurnesjum. Þar er nú mikið atvinnuleysi og hefur Velferðarvaktin áhuga að að heyra betur frá heimaþólki um hvernig staðan á svæðinu blasir við þeim nú og hvers er að vænta í haust. Fundurinn verður haldinn 19. júní – nánari upplýsingar verða sendar síðar.

## 2. Nýtt uppbyggingarteymi

Gissur Pétursson, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu, sagði frá nýju uppbyggingarteymi sem taka mun við hlutverki viðbragðsteymis sem sett var á laggirnar í upphafi Covid-19 faraldursins. Uppbyggingarteymið mun gegna sambærilegu hlutverki og viðbragðsteymið en málefna sviðin verða fleiri. Teymið mun safna og miðla upplýsingum um stöðu félags- og atvinnumála á landsvísu í kjölfar Covid-19 heimsfaraldursins og fylgja eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar er það varðar. Teymið mun kalla reglulega eftir upplýsingum um stöðu atvinnumála, sveitarfélaga, stofnana og annarra viðkomandi aðila og skila skýrslum þess efnis. Gert er ráð fyrir að Velferðarvaktin verði meðal ráðgefandi aðila. Tekið verður áfram við ábendingum á netfanginu [vidbragd@frn.is](mailto:vidbragd@frn.is).

## 3. Aðgerðapakkar stjórnvalda

Erna Kristín Blöndal, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, kynnti stöðuna á nokkrum verkefnum í aðgerðapakka stjórnvalda. Nefndarálit með málinu má finna hér <https://www.althingi.is/altext/150/s/1333.html> (sjá kafla um félagslegar aðgerðir).

Meðal verkefna/aðgerða eru:

- a) Aðgerðir gegn ofbeldi, einkum heimilisofbeldi og ofbeldi gegn börnum.
- b) Tólmstundir í sumar og vetur fyrir börn af efnalitlum heimilum (viðmið er kr. 740.000 á mánuði).
- c) Tryggja þjónustu til hópa í viðkvæmri stöðu. Styðja við félagsstarf aldraðra og fullorðins fatlaðs fólks. Ná til ungmenna í viðkvæmri stöðu. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög geti sótt um styrki til verkefna á þessu sviði.
- d) Aukin ráðgjöf og þjónusta við innflytjendur og flóttafólk. Útfærsla verkefnis ekki tilbúin.
- e) Fötluð börn og ungmenni og fjölskyldur þeirra. Útfærsla verkefnis ekki tilbúin en gert er ráð fyrir að boðið verði annars vegar upp á sumarbúðir og fjölskyldufrí hins vegar. Einnig er unnið að sérverkefni á Suðurnesjum varðandi þjónustu við fötluð börn. Þá er unnið að verkefni sem lýtur að þjónustu við fötluð börn innflytjenda.
- f) Sárafátækt – stuðningur við hjálparsamtök. Kortlagning í haust.
- g) Félagsleg málefni fanga að lokinni afplánun – verkefni unnið í samstarfi við stýrihóp um félagsleg málefni fanga.

Í umræðum að lokinni kynningu vöktu fulltrúar vaktarinnar máls á eftirfarandi atriðum:

- Huga þarf vel að eldri borgurum og félagslegri einangrun á þessum tímum.
- Ánægja með að verið sé að tryggja sumardvalir fyrir fötluð börn en markmið stjórnvalda ætti að vera að draga úr aðgreiningu með tilliti til heimsmarkmiða og Barnasáttmálans.
- Fyrirkomulag greiðslu vegna tólmstundastyrkja.
- Mikilvægt að tryggja upplýsingagjöf til erlendra ríkisborgara, einkum þegar kemur að réttindum varðandi atvinnumál o.þ.h.
- Mögulegur stuðningur við sveitarfélög svo þau hafi bolmagn til að fjölga fagfólki s.s. félagsráðgjöfum til að gera sveitarfélögnum kleift að sinna lögbundnu hlutverki sínu án þess að ganga á heilsu starfsfólks, sem er undir miklu álagi í starfi sínu.
- Jákvætt að fyrirhugað sé að greina hópinn sem býr við sárafátækt en mikilvægt að aðgerðin miði að því að fólk eigi ekki að þurfa að vera upp á hjálparsamtök komið. Fram kom að það skipti máli með hvaða aðferð aðstoðin er veitt og í því samhengi var vísað var til málþings sem haldið var á vegum Pepp, samtaka

fólks sem býr við fátækt, þar sem kom skýrt fram að það að bíða í biðröð eftir matvörum í poka væri ekki mannsæmandi og að tala um matarsóun sem rök sé ekki rétt nálgun á stöðuna. Mögulega verður sambærilegt málþing endurtekið með haustinu en forysta hjálparsamtaka lýsti á málþinginu að hún hefði áhuga á að koma oftár saman. Hér þarf einnig að líta til fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga, sem er mismunandi á milli sveitarfélaga. Kalla mætti eftir umræðu meðal þeirra um meiri samræmingu, en vaktin hefur vakið athygli á stöðunni með tillögugerð o.fl.

- Minnt var á þjónustu Mannréttindaskrifstofu Íslands varðandi lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur og Kvinnaráðgjöfina.
- Hugmynd um greiðslustofu var sett fram, þar sem hægt væri að sækja um allar bætur/aðstoð á einum stað.

#### Önnur mál

- Gert er ráð fyrir kynningu á stöðuskýrslu 2 frá uppbyggingarteyminu á næsta fundi.
- Minnt á næsta fund 19. júní á Suðurnesjum.

#### Fundur 6. maí 2020 (39. fundur) – fjarfundur

##### 1. Samtal við félags- og barnamálaráðherra, Ásmund Einar Daðason

Fulltrúar Velferðarvaktarinnar fengu tækifæri til þess að koma á framfæri við félags- og barnamálaráðherra því sem þeir telja að sé brýnast að leggja áherslu á í sumar og vetur vegna hópa í viðkvæmri stöðu í kjölfar Covid-19.

- Hjálparstarf kirkjunnar – skjólstaðingum hefur fjölgað um 50%. Samstarf við Akureyri og Suðurnes er nú í undirbúningi en búist er við að staðan á Suðurnesjum verði sérstaklega erfið í haust. Hjálparstarfið býður börnum og fjölskyldum þeirra í sumarbúðir í sumar. Vakin var athygli á saumaverkefni fyrir erlendar konur – mikilvægt sé að koma því í gang aftur svo konurnar nái að viðhalda því tengslaneti sem þær hafa myndað.
- ÖBÍ – benti á mikið álag á fötluð börn og fjölskyldur þeirra, skóla og frístundastarf hefur verið skert sem og ýmis þjónusta og stuðningur. Mikill kvíði er fyrir sumri og orlofsdagar búnir. Áhugi er fyrir því að gera könnun á högum barna og foreldra í kjölfar áhrifa Covid-19.
- Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins – starfsemi er að færast í samt horf og skólahjúkrunarfræðingar á leið í skólana, en þeir eru beðnir um að vera vakandi fyrir ofbeldi og fræðsla er þar í forgangi. Á netspjalli heilsuveru.is er nokkuð um að fólki líður illa vegna ástandsins.
- Embætti landlæknis tekur undir með HH varðandi líðan fólks og mikill kvíði er fyrir haustinu. Áhyggjur eru af stöðu framhaldsskólanema. Áhyggjur eru af fólki með tvígreiningar, þar vantar samvinnu félagsmálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis.
- Mannréttindaskrifstofa Íslands – bæði í innflytjenda- og kvinnaráðgjöf eru áhyggjur af fjárhagslegri afkomu og því sem framundan er. Reynslan hefur sýnt að fólk leitar aðstoðar vegna ofbeldis síðar.
- Barnaheill – mikilvægt að vel sé tekið utan um börn í sumar og að kostnaður verði ekki hindrun fyrir tekjulága. Ekki fara í niðurskurð í málefnum barna. Mikilvægt að vera á vaktinni í haust.

- Reykjavíkurborg – áhyggjur eru af hópi sem er án bótaréttar og óvinnufær; sá hópur hefur farið vaxandi. Skortur er á þjónustu fyrir óvinnufæra. Mikilvægt að styrkja barnavernd á næstunni.
- Hjálpræðisherinn – mikil aðsókn í þjónustu. Nokkuð hefur verið um útlendinga/verkamenn sem hafa orðið innlykta og eru í mikilli neyð.
- Rauði krossinn – aukning hefur verið í hjálparsímanum, þyngri símtöl og fleiri símtöl um ofbeldi og vanrækslu gegn börnum. Símtölum frá eldri borgurum hefur fjölgað. Gönguvinir eru í boði – reyna að vakta alla hópa.
- Unicef – áhyggjur af börnum sem eru að sækja um alþjóðlega vernd. Hætt við að þessi hópur gleymist, utanumhald sveitarfélaga gengur misvel. Spurningakönnun til 3-18 ára ungmenna um Covid-19 leiddi margt jákvætt í ljós en hjá ungmennum 14+ voru verri niðurstöður og upplifun af afleiðingum Covid-19 verri. Huga þarf vel að langtímaáhrifum Covid-19.
- Umboðsmaður barna – áhyggjur af brottfalli úr skóla og tómsendum. Áhyggjur af því að það halli á réttindi barna í þessum aðstæðum.
- Landssamband eldri borgara – ekki setja alla eldri borgara undir einn hatt, margir hafa það gott en aðrir mjög slæmt, mikil hræðsla og einmanaleiki. Gera þarf athugun á kjörum eldri borgara af erlendum uppruna – eldri konur týnast í kerfinu.  
Eldri borgarar vilja orlofsuppbót eins og örorkulífeyrisþegar.
- Umboðsmaður skuldara – meirihluti skjólstæðinga er á leigumarkaði, margir eru á uppsagnarfresti. Fólk er kvíðið fyrir því sem framundan er. Mikilvægt er að skoða húsnæðismálin – öruggar húsnæðisaðstæður eru grundvöllur fyrir allt annað. Mikilvægt að stjórnvöld geri langtímaáætlanir.
- Proskahjálp – áhyggjur af fötluðum börnum og aðstæðum foreldra. Margir foreldrar fatlaðra ungmenna sem eru orðin 18 ára þurfa að sinna þeim heima því starfsbrautir, frístund og skammtímadvalir eru lokaðar. Ráðuneytið þarf að hvetja sveitarfélög til þess að bjóða upp á þjónustu í sumar.  
Það er einnig mikilvægt að vernda störf AMS (Atvinna með stuðningi). Þrátt fyrir afléttingu banns mega fötluð börn ekki fara í íþróttir því þau mega ekki hafa fylgd – þetta þyrfti viðbragðshópur að skoða.  
Skoða þarf geðheilsuteymin, þau virðast ekki geta þjónustað fólk með þroskahömlun og einhverfu. Stór vandi sem þarf að taka á.
- Kennarasamband Íslands – jákvæðar afleiðingar Covid-19 eru nýsköpun og ný hugsun. Vakin var athygli á viðtölum við kennara og skólastjórnendur á öllum skólastigum á vefsíðu sambandsins. Brotthvarf er síst meira nú en í venjulegu árferði, en gengið hefur verið lengra í að ná í nemendur í áhættuhópi. Helstu áskoranir nú eru velferð barna í viðkvæmum hópum, börn af erlendum uppruna. Námsgagnakostnaður barna og ungmenna í framhaldsskólum er einnig áhyggjuefni – hleypur á tugum þúsunda. Skólar eru besta jöfnunartækið í samfélaginu, því er mikilvægt að hlífa þeim.
- W.O.M.E.N (Samtök kvenna af erlendum uppruna) – starfsemin er búin að vera í lágmarki vegna Covid. Áhyggjur af konum sem eru að leita aðstoðar vegna ofbeldis. Einnig mikið um fólk af erlendum uppruna sem er ekki lengur með vinnu og á ekki pening.
- Pepp samtök fólks í fátækt – áhyggjur af minni mataraðstoð í júlí vegna sumarleyfa. Stór hluti þeirra sem sækja mataraðstoð eru öryrkjar. Börnum og ungmennum sem búa við fátækt er hættara við brotthvarfi.

Ráðherra þakkaði góð innlegg. Mikilvægt væri að geta átt hreinskilið samtal við fulltrúana í Velferðarvaktinni um þessi brýnu mál, það hefur einnig tryggt að þjónustuskerðing hefur orðið minni en ella.

Ráðherra upplýsti að verið sé að bíða eftir að þingið afgreiði ýmis verkefni/aðgerðir sem munu hjálpa til, einkum núna í sumar. Mikilvægt sé þó að horfa til lengri tíma – það þarf að huga að endurreisn á félagslegum grunni. Viðbragðsteymið mun breytast í endurreisnarteymi.

## 2. Staðan í viðbragðsteymi

Pór Hauksson Reykdal, sérfræðingur á skrifstofu barna- og fjölskyldumála í félagsmálaráðuneytinu, og María Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, fóru yfir stöðuna í viðbragðsteyminu. Nýjasta stöðuskýrslan er komin út þar sem meðal annars kemur fram að ekki hafi orðið rof í þjónustu. María upplýsti að aukning hafi orðið í umsóknum um fjárhagsaðstoð, einnig frá fólki sem á ekki rétt. Þá sé aukinn þungi kominn í mál.

Erna Kristín Blöndal, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, ræddi næstu skref, sem eru að fara úr viðbrögðum í viðspyrnu. Það breytist margt í haust, það þarf að fylgjast vel með, horfa á heildarmynd í þjónustu, stöðuna á vinnumarkaðnum og passa upp á viðkvæma hópa.

## Fundur 22. apríl 2020 (38. fundur) – fjarfundur

### 1. Fréttir úr baklandinu

Fulltrúar fóru yfir helstu fréttir úr baklandinu í tengslum við Covid. Meðal þess sem kom fram voru áhyggjur af skólamállum, efnahag heimilanna, félagslegri einangrun o.fl.

#### Börn og skólamál

- Innan KÍ eru áhyggjur af börnum sem haldið er heima, sem virðist meira vera bundið við erlend börn. Verið er að skoða viðbrögð. Menntamálastofnun er að vinna að upplýsingaefni sem talið er að geti nýst skólasamfélaginu og stjórnvöldum.
- Áhyggjur eru af skólaforðun eftir Covid. Umræða hefur verið um þetta hjá félagsþjónustu/barnavernd, lausnin væri ekki endilega sú að tilkynna til barnaverndar vegna skólaforðunar á tímum Covid.
- Áhyggjur eru af brotthvarfi úr framhaldsskólum og þeim nemum sem eiga að útskrifast. Mennta- og menningarmálaráðuneytið er ekki með tölur um áætlað brotthvarf.
- Bent var á mismunun varðandi heimanám, börn með veikara bakland munu standa verr að vígi þegar skóli hefst á ný.
- Unicef upplýsti að í samkomubanni hefði upplýsingum markvisst verið dreift til skóla og sveitarfélaga (efni fyrir börn, kennara, vinnubækur o.fl.). Áhersla hefur m.a. verið lögð á viðkvæma hópa, börn sem falla milli skips og bryggju í skóla, og börn þeirra sem eru að sækja um alþjóðlega vernd. Út er komin stöðuskýrsla um réttindi barna á Íslandi.
- Heimili og skóli bentu á að samtökin byggju yfir öflugum tengslaneti sem nýta mætti betur og eru tilbúin til samstarfs.
- Öryrkjabandalagið taldi mikla ábyrgð lagða á foreldra fatlaðra barna, börnin geti ekki stundað fjarnám heima. Einnig þarf að huga að systkinum þessara

barna. Embætti landlæknis tók undir þessar áhyggjur og sagði mál vera að þyngjast og meiri ásókn væri í þjónustu hjá BUGL.

- Félagsráðgjafdeild HÍ deildi áhyggjum af 1. árs nemum. Sumarnámskeið eru til skoðunar. Margar deildir skólans hafa lagt af mörkum til samfélagsins í þessum aðstæðum á hinum ýmsu sviðum, nemar hafa verið í sjálfböðavinnu og fengið fyrir það einingar.

#### Efnahagur heimilanna og atvinnumál

- Fulltrúi PEPP samtakanna upplýsti um erfiða stöðu hjá mörgum og matarskortum á heimilum. Öryrkjar með börn eru stærsti hópurinn.
- Hjá Umboðsmanni skuldara er nokkuð rólegt enn sem komið er en starfsfólk er búið undir aukna eftirspurn líkt og gerðist eftir bankahrunið.
- BSRB hefur beint til stjórnvalda að breyta áherslum um aðgerðir meira í átt að fjölskyldum og eldri borgunum.
- Aldrei hafa jafnmargir verið í starfsendurhæfingu hjá VIRK og ýmis verkefni í gangi. Athygli var vakin á [www.velvirk.is](http://www.velvirk.is).
- Reykjavíkurborg lýsti yfir áhyggjum af þeim sem lenda á milli kerfa og eiga ekki bótarétt. Áhyggjur eru af þeim sem missa bótarétt á þessu ári sem skapar mikinn kvíða. Fólk er með miklar fjárhagsáhyggjur.
- Hjá ASÍ er mikið um fyrirspurnir um réttindamál varðandi atvinnuskerðingu/atvinnumissi vegna Covid. BHM tók í sama streng og lýsti einnig yfir áhyggjum yfir álagi á vissar fagstéttir í velferðarþjónustu og að verið væri að reyna að bregðast við því með markvissum stuðningi við fagfólk.
- Öryrkjabandalagið benti á að fólk væri farið að grípa til þjónustu smálánafyrirtækja sem væri mikið áhyggjuefni.
- Landssamband eldri borgara hefur áhyggjur af þeim hópi sem stendur illa en talið er að um 3400 manns séu illa staddir hvað varðar fátækt og húsnæðisleysi. Samtökin vilja framfærsluuppbot til þeirra sem á þurfa að halda.

#### Félagslegir þættir

- Símtöl hjá Hjálparlínu Rauða krossins hafa tekið kipp en margir eru að glíma við mikinn kvíða og erfiðleika. Verið að vinna að svörun á fleiri tungumálum.
- Varðandi félagslega einangrun sagði fulltrúi LEB frá samstarfi við Rauða krossinn um símhringingar til eldri borgara og áherslu sambandsins á að koma út bæklingum með upplýsingum um notkun spjaldtölva o.fl.
- Öryrkjabandalagið hefur áhyggjur af geðheilsu og félagslegri einangrun.
- Embætti landlæknis upplýsti að orðrómur um að fjölgun hafi orðið á sjálfsvígum ætti ekki við rök að styðjast.

## 2. Verkefni í þágu barna af erlendum uppruna

Linda Rós Alfreðsdóttir, sérfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, sagði frá tveimur verkefnum sem styðja eiga við nám og félagsstarf barna af erlendum uppruna.

- *Vertu með* – sértækt verkefni sem miðar að því að auka þátttöku barna í íþrótt- og tómstundastarfi í Reykjanesbæ með sérstakri áherslu á börn af erlendum uppruna. Markmiðið er að efla félagsleg tengsl þeirra.



- Heimanámsaðstoð og kennsla á móðurmáli – Linda sagði frá samkomulagi félagsmálaráðuneytisins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Móðurmál um heimanámsaðstoð og kennslu á móðurmáli fyrir börn af erlendum uppruna, vegna Covid-19. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/04/17/Samtokin-Modurmal-stydja-nemendur-af-erlendum-uppruna/>

### 3. Fréttir frá viðbragðsteymi velferðarþjónustu vegna Covid-19

Þór Hauksson Reykdal og Jóna Guðný Eyjólfsdóttir, sérfræðingar á skrifstofu barna- og fjölskyldumála í félagsmálaráðuneytinu, ásamt Maríu Kristjánsdóttur, félagsþjónustufulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, fóru yfir störf viðbragðsteymis velferðarþjónustu vegna Covid-19. Helstu punktar:

- Staðan á landsvísi er almennt góð – ekkert skráð tilfelli um þjónusturof.
- Vaxandi áhyggjur eru af börnum í viðkvæmri stöðu.
- Staðan hjá félagasamtökum er að þyngjast, eftirspurn að aukast. Félags- og barnamálaráðherra styrkti ákveðin félagasamtök fyrir páska til þess að bregðast við.
- Staða fólks af erlendum uppruna – vantar þýðingar á efni. Hópur þekkir ekki rétt sinn, bótarétt o.fl. Bent var á að Mannréttindaskrifstofa Íslands veitti ráðgjöf um réttindi á atvinnumarkaði og túlkþjónustu ókeypis.
- Spurt hefur verið um réttindi nema sem hafa verið að vinna með skóla og þeirra sem eru sjálfstætt starfandi.
- Algengt að erlendir ríkisborgarar séu að falla á milli kerfa.

María sagði frá því að unnið væri að leiðbeiningum um fyrirkomulag fyrir félagsþjónustu hvað varðar félagsstarf fullorðinna, skammtímadvalir, heimsóknir til eldri borgara o.fl. þegar dregið verður úr samkomubanni.

### 4. Nýr aðgerðapakki stjórnvalda

Erna Kristín Blöndal, skrifstofustjóri á skrifstofu barna- og fjölskyldumála í félagsmálaráðuneytinu, kynnti stuttlega aðgerðir á sviði félagsmála í nýjum aðgerðapakka stjórnvalda vegna Covid-19. Aðgerðirnar lúta m.a. að geðrækt, aðgerðum gegn ofbeldi, þjónustu við viðkvæma hópa, tómstundaúrræðum fyrir börn á lágtekjuheimilum, náms- og starfsúrræðum o.fl. sem nánar verður kynnt síðar.

### 5. Önnur mál

- Formaður upplýsti að á næstunni yrði mögulega farið í að endurskoða skipunarbréf Velferðarvaktarinnar m.t.t. til breyttra tíma í samfélaginu. Senda má athugasemdir á formann hvað það varðar.

### Fundur 3. mars 2020 (37. fundur) – félagsmálaráðuneytinu

#### 1. Kynning á aðstæðum stjúpbarna/skilnaðarbarna

Valgerður Halldórsdóttir, félags- og fjölskylduráðgjafi og sáttamaður, ræddi um margs konar áskoranir fyrir börn við skilnað foreldra og lífið í nýjum stjúpfjölskyldum. Valgerður ræddi einnig ýmis praktísk mál t.d. varðandi búsetu barna á tveimur heimilum o.fl.

## 2. Tillögur Velferðarvaktarinnar um aðgerðir á framhaldsskólastigi

Formaður Velferðarvaktarinnar kynnti drög að tillögum Velferðarvaktarinnar um aðgerðir á framhaldsskólastigi í kjölfar tveggja kannana sem Maskína vann fyrir hönd vaktarinnar og umræðna í vaktinni sl. misseri. Tillögurnar lúta einkum að geðræktarstarfi, námsgagnakostnaði, þjónustu við nemendur með annað móðurmál en íslensku og jafnara aðgengi að námi.

Í kjölfar umræðna var samþykkt að tillögunum yrði komið á framfæri við stjórnvöld.

## 3. Kynning á skilnaðarverkefni – frestað

Kynningu á skilnaðarverkefni, sem felst í að innleiða og þróa nýtt vinnulag sem hefur að markmiði að koma í veg fyrir og/eða draga úr ágreiningi foreldra í skilnaðarferli, var frestað.

## 4. Önnur mál

- Stutt umræða fór fram um fátækt og í því samhengi var því velt upp hvort vaktin ætti að leggja til fríar skólamáltíðir. Velferðarvaktin lagði til í september 2019 að tryggt verði að börn sem búa við fjárhagsþrengingar geti fengið ókeypis skólamáltíðir og auknar niðurgreiðslur vegna tómsundastarfs.
- Rætt var um að fá kynningu á endurskoðun laga um fæðingarorlof í kjölfar umræðu á fundi barnahóps Velferðarvaktarinnar.

## Fundur 14. janúar 2020 (36. fundur) – félagsmálaráðuneytinu

### 1. Umhverfi löggæslu á Íslandi 2020-2024 – stefnumiðuð greiningarskýrsla

Björn Ingiberg Jónsson, greinandi hjá greiningardeild Ríkislögreglustjóra, og Runólfur Þórhallsson, lögreglufulltrúi hjá greiningardeild Ríkislögreglustjóra, kynntu skýrsluna, sérstaklega með tilliti til félagslegra þátta en skýrslan inniheldur margvíslegar áskoranir fyrir stjórnvöld hvað þá þætti varðar. Má þar nefna félagslega blöndun, aðlögun innflytjenda o.s.frv. en í skýrslunni kemur fram að embætti Ríkislögreglustjóra hafi áhyggjur af því að fátækrahverfi verði til á Íslandi. Hér má lesa skýrsluna í heild sinni.

### 2. Rannsókn um brotthvarf og námstafir á framhaldsskólastigi fyrir Velferðarvaktina

Kolbeinn Stefánsson félagsfræðingur og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, sérfræðingur á skrifstofu mennta- og vísindamála í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, kynntu stuttlega uppbyggingu rannsóknarinnar. Rannsóknin felur í sér greiningu á gögnum Hagstofu Íslands og mennta- og málaráðuneytis er varða brotthvarf og námstafir á framhaldsskólastigi. Þar er horft til félagslegs og efnahagslegs bakgrunns nemenda ásamt námsárangri á grunnskólastigi með það fyrir augum að kortleggja þætti sem spá fyrir um brotthvarf og námstafir. Áætlað er að rannsókninni verði lokið í október nk.

### 3. Niðurstöður kannana um námsgagnakostnað og fleira hjá nýnemum í framhaldsskólum

Þóra Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Maskínu, kynnti niðurstöður tveggja kannana sem unnar voru að beiðni Velferðarvaktarinnar. Um var að ræða:

a) Könnun meðal skólameistara framhaldsskóla.

b) Vefumræðuborð meðal nýnema, þar sem spurt var m.a. um hvernig það var að hefja námið, andlega líðan, námskostnað, vinnu meðfram námi, stuðning foreldra við nám og fleira sem fylgir því að hefja nám í framhaldsskóla.

Í kjölfarið fóru fram umræður um niðurstöðurnar og hvernig best væri að vinna þær áfram í tillögur til stjórnvalda. Gert er ráð fyrir að fyrir næsta fund vaktarinnar verði búið að

vinna drög að þeim tillögum til samþykktar á þeim fundi. Þá var rætt um að skoðað yrði hvort halda ætti fund eða málþing um niðurstöðurnar.

#### 4. Önnur mál

##### **Fundur 26. nóvember 2019 (35. fundur) – félagsmálaráðuneytinu**

###### **1. Mælikvarðar stjórnvalda til að auka velferð**

Birna Sigurðardóttir, sérfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, kynnti nokkra mælikvarða í ákveðnum málaflokkum í fjármálaáætlun sem hafa snertifleti við viðfangsefni Velferðarvaktarinnar. Málaflokkarnir eru málefni fatlaðs fólks, stuðningur við einstaklinga, fjölskyldur og börn og málefni innflytjenda og flóttamanna. Sjá glærur: [Mælikvarðar í fjármálaáætlun](#) (PDF)

###### **2. Kynning á starfi teymis félagsmálaráðuneytis um efnahag heimilanna**

Jóna Guðný Eyjólfsdóttir, sérfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, kynnti nýtt teymi á vegum félagsmálaráðuneytisins um efnahag heimilanna. Sjá glærur: [Efnahagur heimilanna](#) (PDF)

###### **3. Innleiðing Barnasáttmálans í Kópavogi – þróun mælaborða og fleiri aðgerðir**

Anna Elísabet Ólafsdóttir, sérfræðingur í Lýðheilsumálum hjá Kópavogsbæ, kynnti starf Kópavogsbæjar varðandi innleiðingu Barnasáttmálans. Auk þess kynnti Anna tilraunaverkefni um þróun upplýsingakerfis um velferð barna á Íslandi, sem hlaut alþjóðleg verðlaun UNICEF í október sl. fyrir framúrskarandi lausnir og nýsköpun í nærumhverfi barna. Hugbúnaðarfyrirtækið Kara Connect kemur að verkefninu ásamt Kópavogsbæ og UNICEF á Íslandi.

Sjá glærur: [Velferðarvaktin, kynning á barnasáttmála og mælaborði](#) (PDF)

###### **4. Svæðisbundinn munur á námsframvindu nemenda á framhaldsskólastigi**

Kolfinna Jóhannesdóttir, sviðsstjóri greiningasviðs Menntamálastofnunar, kynnti norræna skýrslu þar sem fram kemur m.a. að ungmenni í dreifbýli á Norðurlöndum eiga erfiðara uppdráttar en ungmenni í þéttbýli. Ísland sker sig úr hvað varðar mun á þéttbýli og dreifbýli en fram kemur að rúmlega þriðjungur nemenda hverfur frá námi í dreifbýli sem er mun hærra hlutfall en á hinum Norðurlöndunum.

Sjá skýrslu: <http://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:1326483/FULLTEXT01.pdf>

Sjá glærur: [Námsframvinda, svæðisbundinn munur](#) (PDF)

#### 5. Önnur mál

- Formaður sagði frá stöðu tveggja rannsókna sem eru í undirbúningi á vegum Velferðarvaktarinnar.

##### **Fundur 15. október 2019 (34. fundur) – félagsmálaráðuneytinu**

###### **1. Kynning á fjárlagafrumvarpi 2020**

Viðar Helgason, sérfræðingur á skrifstofu stjórnunar og umbóta og fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytis í Velferðarvaktinni, kynnti fjárlagafrumvarpið 2020 sem hefur ýmsa snertifleti við málefni Velferðarvaktarinnar. Framlög til velferðarmála eru með hæstu útgjöldum ríkissjóðs en 12 af 20 stærstu liðum á fjárlögum 2019 heyra undir velferðarmál. Greiðslur til ellilífeyrisþega vega þar þyngst en einnig er um að ræða hækkun til atvinnuleysisbóta, endurútreikning búsetuskerðinga og útgjöld til fæðingarorlofssjóðs.

Heilbrigðismál eru annars stærsti útgjaldaliður 2020. Sjá má nánar á vefsíðu ráðuneytisins.

## 2. „Nabo – Social inclusion of youth in Iceland“

Ellen Dröfn Gunnarsdóttir og Kristín Erla Harðardóttir, starfsmenn Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands, kynntu skýrsluna „Nabo – Social inclusion of youth in Iceland“. Skýrslan var unnin á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar en hún lýsir upplifun ungs fólks á aldrinum 18-25 ára á þátttöku í samfélaginu (tækifæri til að hafa áhrif, félagsleg tengsl, að tilheyra, fordómar o.fl.). Þátttakendur voru 37 talsins, 25 konur, 11 karlar og 1 hán.

Sjá nánar: <http://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A1335847&dswid=3634>

## 3. Fréttir úr baklandinu:

Fulltrúar í Velferðarvaktinni deildu því helsta sem er að gerast í baklandi þeirra, nýjum verkefnum, helstu áhyggjum o.s.frv.

## 4. Önnur mál

- Kannanir meðal skólameistara og framhaldsskólanema. Velferðarvaktin er með í undirbúningi tvær kannanir þar sem aflað verður upplýsinga meðal skólameistara framhaldsskóla annars vegar og fyrsta árs framhaldsskólanema hins vegar, um námsgagnakostnað, móttökuáætlanir, upplifun nemenda af því að hefja nám í framhaldsskóla, vinnu meðfram námi o.s.frv.
- Rannsókn á brotthvarfi og námstöfum eftir lok grunnskóla. Er í undirbúningi.
- Málþing um stöðu heimilisláusra. Tókst mjög vel og vakti víða athygli. Málþingið var haldið í samvinnu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Geðhjálp, SÁÁ og Velferðarvaktarinnar.
- Morgunverðarfundur EAPN um fátækt og matarsóun verður haldinn 17. október nk.

## **Fundur 3. september 2019 (33. fundur) – félagsmálaráðuneytinu**

### **1. Tillögur Velferðarvaktarinnar í kjölfar skýrslu um *Lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016***

Farið var yfir tillögur að bréfum Velferðarvaktarinnar til félags- og barnamálaráðherra og formanns velferðarráðs Reykjavíkurborgar með tillögum Velferðarvaktarinnar í kjölfar skýrslu um *Lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016*, sem Kolbeinn Stefánsson félagsfræðingur vann fyrir Velferðarvaktina fyrir á árinu. Fram komu nokkrar breytingatillögur sem voru samþykktar, auk þess sem samþykkt var að senda sambærilegt bréf til Sambands íslenskra sveitarfélaga.

### **2. Kynning á tillögu um gjaldfrjáls námsgögn fyrir 16-18 ára framhaldsskólanema**

Fulltrúi Reykjavíkurborgar í Velferðarvaktinni, Kristjana Gunnarsdóttir, kynnti tillögu frá 2018 frá fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness, um gjaldfrjáls námsgögn fyrir 16-18 ára í framhaldsskólum. Borgarstjórn fundaði með ungmennaráði þar sem málið var kynnt. Kristjana upplýsti að borgarstjórn hefði vísað til reglna um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

### 3. Innslag um námsgögn í framhaldsskólum

Sigurveig Gunnarsdóttir, sérfræðingur í framhaldsskólategymi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Erling Ragnar Erlingsson, sviðsstjóri miðlunarsviðs Menntamálastofnunar, fóru yfir þá vinnu sem átt hefur sér stað í vinnuhópi um stefnumótun um námsgögn þ.m.t. námsgagnagerð, útgáfu, rafrænt námsefni, kostnað o.s.frv. Fram kom að á Norðurlöndunum eru námsgögn í framhaldsskólum frí fyrir utan á Íslandi og e.t.v. í einhverjum sveitarfélögum í Finnlandi. Barnahópi Velferðarvaktarinnar var falið að skoða nánar.

### 4. Líðan barna og ungmenna

Ingibjörg Sveinsdóttir, sérfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu og Sigrún Daníelsdóttir, verkefnastjóri geðræktar hjá Embætti landlæknis, fjölluðu um málefni barna og ungmenna sem glíma við andlega vanlíðan s.s. kvíða og þunglyndi. Sigrún kynnti skýrslu, sem verið er að vinna að hjá Embætti landlæknis, en hún felur í sér niðurstöður landskönnunar á geðrækt, forvörnum og stuðningi við börn og ungmenni í skólastarfi á Íslandi. Könnunin var lögð fyrir á fyrri hluta þessa árs í öllum framhaldsskólum landsins og um 70% allra leik- og grunnskóla. Niðurstöður leiddu í ljós að styrkja þarf innviði skólakerfisins til að sinna geðrækt, forvörnum og stuðningi við börn og ungmenni. Mikilvægt er að bæta starfsaðstæður og skólaumhverfi í leik- og grunnskólum og byggja upp þekkingu og færni starfsfólks á öllum skólastigum til að styðja við þroska, líðan, hegðun og samskipti barna og ungmenna. Gert er ráð fyrir að skila aðgerðaáætlun til stjórnvalda seinna í haust.

### 5. Áherslur í starfi Velferðarvaktarinnar í vetur

Rætt var um hvort endurskoða ætti eftirfarandi varðandi störf og skipulag vaktarinnar: Tíðni funda; hlutverk, óskað eftir hugmyndum um möguleg áherslumál fyrir veturinn.

### 6. Önnur mál

- Upplýst var um málþing um stöðu heimilislausra þann 7. október nk.
- Næsti fundur verður haldinn 15. október. Fyrirhugað er að fá Kolfinnu Jóhannesdóttur frá Menntamálastofnun til þess að kynna skýrslu um málefni ungmenna. Einnig kemur Viðar Helgason, fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytis í Velferðarvaktinni, til þess að ræða um fjárlögin sem hafa ýmsa snertifleti við málefni Velferðarvaktarinnar.

## **Fundur 25. júní 2019 (32. fundur) – félagsmálaráðuneytinu**

### 1. Kynning á skýrslu starfshóps um kjör aldraðra

Arnar Þór Sævarsson, aðstoðarmaður félags- og barnamálaráðherra, kynnti skýrslu starfshóps um kjör aldraðra. Starfshópnum var falið að fjalla um kjör eldri borgara í því skyni að fá betri yfirsýn yfir þær ólíku aðstæður sem eldri borgarar búa við og einnig að koma með tillögur um hvernig bæta megi kjör þeirra sem búa við lökustu kjörin. Megintillaga starfshópsins var að styðja við ellilífeyrisþega sem eiga takmarkaðan rétt í almannatryggingakerfinu á Íslandi vegna fyrri búsetu erlendis. Skýrsluna má lesa hér:

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=8784fff0-1fe8-11e9-942f-005056bc4d74>

### 2. Þróun félagsvísa

Gró Einarsdóttir, sérfræðingur Hagstofunnar í félagsvísam, kynnti þróun nýju félagsvísanna en þeir hafa verið endurskoðaðir. Mikil þróunarvinna hefur átt sér stað og

tekið hefur verið mið af mælingum erlendis við þróun vísanna. Þá er verið að reyna að samræma upplýsingar með tilliti til Heimsmarkmiða.

Sjá nánar: <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/lifskjor/felagsvisar/>

Einnig kynnti Gró lauslega eftirfarandi sérútgáfu félagsvísa:

<https://hagstofa.is/utgafur/utgafa/lifskjor/felagsvisar-serhefti-um-innflytjendu/>

### 3. Kynning á verkefninu „Útmeða“

Hanna Ruth Ólafsdóttir, verkefnastjóri á innanlandssviði hjá Rauða krossinum og Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, kynntu „Útmeða“, verkefni Geðhjálpar og Hjálparsíma Rauða krossins 1717. Markmið þessa samstarfsverkefnis er að stuðla að bættri geðheilsu meðal almennings með því að hvetja fólk, með sérstakri áherslu á ungt fólk, til að tjá sig um andlega líðan sína og leita sér faglegrar aðstoðar þegar á þarf að halda. Um 500-600 manns leita sér aðstoðar á heilsugæslustöðvum og sjúkráhusum á ári hverju vegna sjálfsskaða í kjölfar vanlíðan. Sjálfsvíg eru algengasta dánarorsök ungra karlanna hér á landi.

### 4. Fundur á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um aðgerðir gegn sárafátækt barna

Salbjörg Bjarnadóttir, formaður barnahóps Velferðarvaktarinnar, sagði frá fundi sem haldinn var 3. júní sl. með stýrihópi á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um aðgerðir gegn sárafátækt barna. Aðrir fulltrúar Velferðarvaktarinnar á fundinum voru Siv Friðleifsdóttir, formaður Velferðarvaktarinnar og Vilborg Oddsdóttir, formaður sárafátæktarhóps Velferðarvaktarinnar. Á fundinum var meðal annars rætt um skólaforðun, tíða flutninga barna/skólaskipti vegna húsnæðisvanda og ókeypisskólamáltíðir fyrir efnalitlar fjölskyldur.

### 5. Önnur mál

- Fyrirhugað er að halda málþing í haust um stöðu heimilislausra einstaklinga með miklar þjónustuparfir. Gert er ráð fyrir að fá erindi frá Juha Kakkinen, sem stýrt hefur verkefni í Finnlandi (Housing first) með góðum árangri sem miðar að því að draga úr fjölda heimilislausra.
- Rætt var um að málþing um skólaforðun í maí sl. hefði tekist mjög vel. Brýnt er að fylgja eftir þeim tillögum sem Velferðarvaktin hefur lagt fram í þeim efnum.
- Rætt var um mögulegar áherslur Velferðarvaktarinnar í haust.

### Fundur 7. maí 2019 (31. fundur) – menningarmiðstöðinni í Gerðubergi

#### 1. Kynning á úttekt á tilraunaverkefninu TINNU

Erla Björg Sigurðardóttir, deildarstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, kynnti úttekt á tilraunaverkefninu TINNU sem hefur verið í gangi undanfarin 4 ár innan þjónustumiðstöðvarinnar í Breiðholti. Verkefnið hefur gengið mjög vel og mikill vilji er til þess að halda því áfram, fáist til þess fjármagn. Tillaga hefur verið lögð fram hjá velferðarráði um að útvíkka verkefnið þannig að það nái til fleiri þjónustumiðstöðva.

#### 2. Kynning á Berginu Headspace

Sigurþóra Bergsdóttir, framkvæmdastjóri Bergsins Headspace, sagði frá starfsemi sem mun opna í maí en samtök um stuðningssetur (styrktarsjóður) fyrir ungt fólk voru stofnuð sl. haust. Bergið mun bjóða upp á þjónustu og ráðgjöf fyrir ungt fólk, á forsendum unga

fólksins. Þar verða ráðgjafar í starfi, auk sjálfbóðaliða í samstarfi við Rauða krossinn. Einnig verður hægt að fá þjónustu í gegnum netspjall og síma.

### **3. Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2019-2022**

Erna Kristín Blöndal, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, kynnti nýja tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2019-2022. Erna sagði frá undirbúningsvinnunni við gerð þingsályktunarinnar, hvaða hópar komu að starfinu o.s.frv. Þingsályktunin tekur á ýmsum málefnum er varða börn s.s. breytingar á barnaverndarlöggjöf, fósturmálum, snemmtækri íhlutun, börnum í fíknivanda o.s.frv. Mælt var fyrir málinu á Alþingi sl. mánudag og er málið komið til vinnslu í velferðarnefnd Alþingis.

Erna sagði frá fyrirhuguðum fundi 12. júní nk. með ráðherra og þingmannanefnd, sem unnið hefur að þingsályktuninni, þar sem málefni barna verða rædd og voru þeir sem hafa áhuga hvattir til þess að koma.

### **4. Staða ýmissa verkefna**

- **Skýrsla Kolbeins um líf skjör og fátækt.** Vilborg Oddsdóttir og Salbjörg Bjarnadóttir, formenn undirhópa Velferðarvaktarinnar, lögðu til að undirhóparnir kæmu saman til þess að ræða skýrsluna og settu fram tillögur um aðgerðir.
- **Skólasókn/skólaforðun.** Formaður sagði frá stöðu skólasóknar/skólaforðunarmála og málþingi sem Samband íslenskra sveitarfélaga mun halda um þau mál þann 20. maí nk. á Grand hóteli í samstarfi við umboðsmann barna og Velferðarvaktina.

## **Fundur 12. mars 2019 (30. fundur) – félagsmálaráðuneytinu**

### **1. Niðurstöður könnunar um skólasókn/skólaforðun**

Birgir Rafn Baldursson, frá Maskínu, kynnti niðurstöður könnunar Velferðarvaktar um skólasókn-skólaforðun. Í framhaldinu voru samþykktar tillögur sem Velferðarvaktin myndi leggja fram til stjórnvalda.

### **2. Tíu ára afmæli Velferðarvaktarinnar**

Lára Björnsdóttir, fyrsti formaður Velferðarvaktarinnar, lýsti fyrstu starfsárum Velferðarvaktarinnar, sókn og vörn. Velferðarvaktin bauð upp á afmælisköku með kaffinu í tilefni tímamótanna.

### **3. Skýrsla um líf skjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016**

Skýrsla Kolbeins Stefánssonar um líf skjör og fátækt barna hefur verið birt. Samþykkt var að frekari umræða um skýrsluna yrði, til að byrja með, tekin upp í undirhópum Velferðarvaktarinnar.

### **4. Ráðstefna um ungt fólk og lántökur**

Ásta S. Helgadóttir, Umboðsmaður skuldara, kynnti fyrirhugaða ráðstefnu varðandi ungt fólk og lántökur, þar sem sjónum verður einkum beint að svokölluðum skyndilánnum.

## **Fundur 24. janúar 2019 (29. fundur) – félagsmálaráðuneytinu**

### **1. Nýtt félagsmálaráðuneyti**

Siv Friðleifsdóttir, formaður Velferðarvaktarinnar, kynnti nýtt félagsmálaráðuneyti. Um síðustu áramót var velferðarráðuneytinu skipt upp í félagsmálaráðuneyti og

heilbrigðisráðuneyti. Nýr ráðuneytisstjóri, Gissur Pétursson, kynnti sig og nýtt starf fyrir fulltrúum vaktarinnar.

## **2. Rannsókn á lífskjörum og fátækt barna**

Kolbeinn Stefánsson, félagsfræðingur, kynnti drög að niðurstöðum rannsóknar á lífskjörum og fátækt barna, sem hann hefur unnið fyrir Velferðarvaktina.

## **3. Fréttir úr baklandinu**

Fulltrúar í vaktinni sögðu frá því helsta sem um er að vera í baklandi þeirra.

## **4. Önnur mál**

Farið var yfir nýútkomna stöðuskýrslu Velferðarvaktarinnar. Rætt var um að vaktin þyrfti að fylgjast með þróun mála er varðar ritföng og pappír, skyldu einhver sveitarfélög draga til baka ákvörðun um að bjóða nemendum ókeypis ritföng og pappír.



## 4. Fulltrúar í Velferðarvaktinni

- Siv Friðleifsdóttir, án tilnefningar, formaður
- Angeliqve Kelley, tiln. af Samtökum kvenna af erlendum uppruna
- Anna María Gunnarsdóttir, tiln. af Kennarasambandi Íslands
- Anna Pétursdóttir, tiln. af Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur
- Anna Rós Jóhannesdóttir, tiln. af Félagi fagfólks í fjölskyldumeðferð
- Árni Múli Jónasson, tiln. af Proskahjálpi, landssamtökum
- Ása Sjöfn Lórens dóttir, tiln. af Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Ásgerður Jóna Flosadóttir, tiln. af Fjölskylduhjálpi Íslands
- Ásta Sigrún Helgadóttir, tiln. af Umboðsmanni skuldara
- Bergþór Heimir Þórðarson, tiln. af PEPP á Íslandi
- Dagbjört Höskuldsdóttir, tiln. af Landssambandi eldri borgara
- Eðvald Einar Stefánsson, tiln. af Umboðsmanni barna
- Eiríkur Karl Ólafsson Smith, fulltrúi réttindagæslumanna, án tilnefningar
- Elísabet Marteinsdóttir, tiln. af Sjónarhóli – ráðgjafarmiðstöð
- Erla Ósk Guðjónsdóttir, tiln. af Menntamálastofnun
- Eva Bjarnadóttir, tiln. af Unicef á Íslandi
- Eysteinn Eyjólfsson, tiln. af VIRK starfsendurhæfingarsjóði
- Gústav Aron Gústavsson, tiln. af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu
- Hrafnhildur Tómasdóttir, tiln. af Vinnuálastofnun
- Ingvi Kristinn Skjaldarson, tiln. af Hjálpræðishernum á Íslandi
- Jón Brynjar Birgisson, tiln. af Rauða krossinum á Íslandi
- Jón Ingi Cæsarson, tiln. af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja
- Kristjana Gunnarsdóttir, tiln. af Reykjavíkurborg
- Margrét Júlía Rafnsdóttir, tiln. af Barnaheill
- Margrét Steinarsdóttir, tiln. af Mannréttindaskrifstofu Íslands
- María Ingibjörg Kristjánsdóttir, tiln. af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Ólafur Garðar Halldórsson, tiln. af Samtökum atvinnulífsins
- Rögnvaldur Gunnarsson, tiln. af heilbrigðisráðuneytinu
- Salbjörg Ágústa Bjarnadóttir, tiln. af Embætti landlæknis
- Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, tiln. af Heimili og skóla
- Sigrún Jónsdóttir, tiln. af Tryggingastofnun ríkisins
- Sigurveig Gunnarsdóttir, tiln. af mennta- og menningarmálaráðuneytinu
- Sigurveig H. Sigurðardóttir, tiln. af Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands
- Sigprúður Guðmundsdóttir, tiln. af Samtökum um kvennaathvarf
- Silja Björk Björnsdóttir, tiln. af Geðhjálpi
- Sólveig Anna Jónsdóttir, tiln. af Alþýðusambandi Íslands
- Steinunn Bergmann, tiln. af Bandalagi háskólamanna
- Sunna Diðriksdóttir, tiln. af dómsmálaráðuneytinu
- Tryggvi Hallgrímsson, tiln. af Jafnréttisstofu
- Viðar Helgason, tiln. af fjármála- og efnahagsráðuneytinu
- Vilborg Oddsdóttir, tiln. af Hjálparstarfi kirkjunnar
- Vilhjálmur Bjarnason, tiln. af Hagsmunasamtökum heimilanna
- Þuríður Harpa Sigurðardóttir, tiln. af Öryrkjabandalagi Íslands

Með Velferðarvaktinni starfar Lovísa Lilliendahl, verkefnastjóri í félagsmálaráðuneytinu. Velferðarvaktin er skipuð af félags- og barnamálaráðherra 1. september 2020.

## 5. Lokaorð

Velferðarvaktin var stofnuð árið 2009 og hefur því starfað í tæp 12 ár og í tíð sex ráðherra félagsmála. Stöðuskýrsla þessi nær til árunna 2019-2020. Hún sýnir að Velferðarvaktin hefur á því tímabili unnið í anda skipunarbréfs síns frá 2009. Skipunarbréfið var uppfært í takt við tímann árið 2020 en meginhlutverk vaktarinnar verður það sama og fyrr. Heimsfaraldur Covid-19 með tilheyrandi áföllum skall á snemma árs 2020 sem varð til þess að störf Velferðarvaktarinnar urðu nokkuð annasöm og umfangsmikil það ár. Velferðarvaktin varð ráðgefandi aðili gagnvart tveimur mikilvægum teyrum sem stjórnvöld komu á laggirnar, viðbragðsteymi velferðarþjónustu og uppbyggingarteymi félags- og atvinnumála í kjölfar Covid-19. Stjórnvöld og Velferðarvakt gátu þannig skipst á mikilvægum upplýsingum og ábendingum um hvernig mætti milda áfallið gagnvart hópum í viðkvæmri stöðu. Nú þegar hafa ýmsar ábendingar Velferðarvaktarinnar skilað sér í þeim mótvægisáðgerðum sem gripið hefur verið til. Heimsfaraldurinn er ekki í rénun við árslok 2020, en vonir eru bundnar við að ná megi tókum á honum með bólusetningum árið 2021. Því má ætla að stjórnvöld muni þurfa að grípa til mótvægisáðgerða á árinu 2021 eða lengur, eftir því sem málum vindur fram. Í árslok 2020 lagði Velferðarvaktin fram tillögur um leiðarljós til stjórnvalda, bæði ríkis og sveitarfélaga, á tímum Covid-19 sem nýtast eiga við ákvörðun um áframhaldandi mótvægisáðgerðir. Velferðarvaktin mun halda áfram að standa vaktina hvað varðar málefni þeirra sem höllum fæti standa í samfélaginu. Í því verkefni verður stuðst við skipunarbréf Velferðarvaktarinnar og sem fyrr, þau heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem helst eiga við s.s. engin fátækt, ekkert hungur, heilsa og vellíðan, menntun fyrir alla og aukinn jöfnuður. Þá verður sjónum beint að afleiðingum heimsfaraldurs Covid-19 og þeim mótvægisáðgerðum sem unnt er að beita til að verja viðkvæma hópa.

